

# HRÚTASKRÁ

2013 - 2014



Sauðfjarsæðingastöð  
Suðurlands



Sauðfjarsæðingastöð  
Vesturlands

# Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

**Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi.**

Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og er traustur bakhjarl og samstarfsaðili.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





# Efnisyfirlit

Skýringar .....	2
Frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands .....	4
Frá Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands .....	5
Fallnir hrútar 2012-2013, ástæður (tafla) .....	6
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi .....	6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi .....	16
Hrútar 2013-14, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2013, (tafla) .....	22
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi .....	25
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi .....	34
Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn.....	42
Sauðfjarsæðingar og beiðsli .....	44
Stórvirkir frjósemiserfðavísar og nýting þeirra.....	46
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2013 .....	48

## Atriðisorðaskrá: Nafn, nr. og blaðsíðutöl

Suðurland	bls.	Vesturland	bls.
Kvistur 07-866 frá Klifmýri	6	Guffi 08-869 frá Garði	25
Snær 07-867 frá Ingjaldsstöðum	7	Þróttur 08-871 frá Fremri-Hlíð	26
Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum	7	Ás 09-877 frá Skriðu	26
Tenór 08-873 frá Geirmundarstöðum	8	Gumi 09-880 frá Borgarfelli	27
Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum	8	Guðni 09-902 frá Mýrum	27
Gaur 09-879 frá Bergsstöðum	9	Snævar 10-875 frá Hesti	28
Rafall 09-881 frá Úthlíð	9	Stakkur 10-883 frá Kirkjubóli	28
Soffi 10-885 frá Garði	10	Grámann 10-884 frá Bergsstöðum	29
Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum	10	Kári 10-904 frá Ásgarði	29
Myrkvi 10-905 frá Brúnastöðum	11	Salamon 10-906 frá Hömrum	30
Váli 10-907 Gunnarsstöðum	11	Garri 11-908 frá Stóra-Vatnshorni	30
Drífandi 11-895 frá Hesti	12	Þorsti 11-910 frá Múlakoti	31
Prúður 11-896 frá Ytri Skógum	12	Bursti 12-912 frá Hesti	31
Bekri 12-911 frá Hesti	13	Vetur 12-914 frá Hesti	32
Skratti 12-913 frá Hesti	13		
Saumur 12-915 frá Ytri Skógum	14		
		KOLLÓTTIR HRÚTAR	
KOLLÓTTIR HRÚTAR		Þjánn 08-856 frá Melum 1	34
Steri 07-855 frá Árbæ	16	Sigurfari 09-860 frá Smáhömrum	35
Höttur 09-887 frá Húsavík	16	Dalur 09-861 frá Hjarðarfelli	35
Strengur 09-891 frá Árbæ	17	Baugur 10-889 frá Efstu-Grund	36
Dolli 09-892 frá Heydalsá	17	Kroppur 10-890 frá Bæ	36
Fjalli 11-898 frá Ásgarði	18	Roði 10-897 frá Melum 1	37
Robbi 11-900 frá Heydalsá	18	Rosi 11-899 frá Gautsdal	37
FELDFJÁRHÚTAR		FORYSTUHRÚTAR	
Gráfeldur 08-894 frá Bakkakoti	19	Flórgoði 11-886 frá Hafrafellstungu	38
FERHYRNDUR HRÚTAR			
Höfði 11-909 frá Mörtungu 2	19		
FORYSTUHRÚTAR			
Golsi 09-916 frá Gróustöðum	20		

### Hrútaskrá 2013-2014

Útg. Sauðfjarsæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi  
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson  
Ljós. © Halla Eygló Sveinsdóttir  
ISSN 1608-084X  
Prentmet Suðurlands ehf., nóv. 2013

---

## SKÝRINGAR

---

**Mál og stigun:** Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögun-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

**Ómmæling:** (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki – er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm þynnri vöðva en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt í niðurstöðum úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjarmælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

**Ullarlýsingar:** Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðingahrútanna og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

**Gerð:** Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Vaxtarlagsflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

**Fita:** Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

**Kynbótamat (BLUP)** fyrir kjötgæði (gerð og fitu): Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2000-2013. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir kjötgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 60% en gerðarmatið 40%.

**Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni:** Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2002-2011, fyrir frjósemi ær fæddar 2003-2012. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetrar er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra.

**Kynbótamat (BLUP) - Heildareinkunn:** Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi kjötgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir kjötgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110.  $((120+110+100)/3 = 110)$ .

**Litaerfðir:** Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er langalgengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir móraraðan lit, en mórarað lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísium fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

### Arfgerðargreining v/riðusmits:

- 1. Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
- 2. Hlutlaus arfgerð.** Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
- 3. Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
- 4. Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftast í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

---

## Skráning sæðinga

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til næstu starfsstöðvar RML til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.



# Sauðkindin á allt gott skilið

Í áratugi höfum við  
sérblandað fóður  
fyrir íslensku  
sauðkindina

Pantaðu á auðveldan hátt  
í nýrri vefverslun okkar



Hafðu samband  
☎ 570 9800  
[www.fodur.is](http://www.fodur.is)



Fóðurblandan hf  
Korngörðum 12 Reykjavík  
Sími 570 9800 Fax 570 9809

FB Verslun Selfossi Austurvegi 64a ☎ 570 9840  
FB Verslun Hvalsvellu Hlíðarvegi 2-4 ☎ 570 9850  
FB Verslun Egilsstöðum Kaupvangi 11 ☎ 570 9860

Bústólpi Akureyri ☎ 460 3350  
Verslun KS Eyri Sauðárkróki ☎ 455 4610  
KB Verslun Borgarnesi ☎ 430 5500



**FÓÐURBLANDAN**

– í héraði hjá þér –

# Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur samfelld til 21. desember. Hægt er að panta sæði í síma 480-1800 eða hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum 480-1801 eða 894-7146 áður en sæðistaka hefst. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482-1920. Sæðispantanir berist á netfangið [sveinn@bssl.is](mailto:sveinn@bssl.is) deginum áður. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og æskilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin. Fyrir Austur-Skaftafellssýslu (ekki Örnefi eða Suðursveit) sér Grétar Þorkelsson um pantanir í síma 864-6487. Bændur eru hvattir til að vanda pantanir.

- 1. Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á kostar kr **685,-**. Magnafsláttur er veittur þegar einstaklingar eða fjárræktarfélag sjá um pantanir á sæði og skipulagningu heima fyrir. Sæðið kostar kr **620,-** þegar milli 50 og 100 ær eru sæddar, kr **580,-** þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar og kr **550,-** til búnaðarsambanda. Frosið sæði kostar 685,- kr í eina á og er ekki um magnafslátt að ræða þar. Lágmarksafgreiðsla frá stöðinni er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður 70 % af pöntuðu sæði. Öll verð eru án vsk. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.
- 2. Skráning á sæðingum.** Allar sæðingar skulu skráðar inn á [fjarsvis.is](http://fjarsvis.is) af viðkomandi bónda/sæðingamanni, helst samdægurs eða í síðasta lagi 22. desember. Vinsamlega sendið tölvupóst á [sveinn@bssl.is](mailto:sveinn@bssl.is) um að skráningu sé lokið. Þeir sem nota áfram sæðingabækur og hafa ekki tök á að skrá sjálfir sendi þær inn fyrir jóla.
- 3. Sæðingatæki.** Sæðingatæki eru til sölu meðan birgðir endast. Sauðfjársæðingastöðin útvegar sæðingatæki endurgjaldslaust þegar fjárræktarfélag sjá um skipulag sæðinga
- 4. Svæðisskipting**
  - A. Frá 9.-12. des. Vestur Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar.
  - B. Frá 13.-16. des. Rangárþing-ytra, Ásahreppur, Fljótshlíð og Flói.
  - C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.
  - D. Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum 1. des, 3. des. 6.-8. des. Auk þess 10. og 15. des.
- 5. Sæðinganámskeið.** Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 27. nóvember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.00. Sjá nánar á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) og skráning á [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is).

Á síðasta ári voru 15.490 ær sæddar með fersku sæði frá stöðinni. Fryst sæði innanlands fór í 386 ær. Alls sæði í 15.876 ær. Til Bandaríkjanna voru sendir 226 skammtar af frystu sæði.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.  
Sveinn Sigurmundsson.

**Hrútaskráin er á [www.bssl.is](http://www.bssl.is)**



# Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja sunnudaginn 1. desember og standa til laugardagsins 21. desember, þó ekki sunnudagana 8. og 15. des. Alls því í 19 daga.

Dreifing sæðis og skipulagning sæðingadaga miðast við að hægt sé með sem bestu móti að miðla sæðinu sem jafnast yfir allt tímabilið.

**Skipulag sæðinga** á einstökum svæðum á starfssvæði BV auk sæðingadaga á öðrum svæðum er dreift í fréttabréfi en jafnframt má nálgast það á heimasíðu BV [www.buvest.is](http://www.buvest.is). BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

**Sauðfjársæðinganámskeið** verður haldið að Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði fimmtudaginn 28. nóv. nk. og hefst kl. 13.00 að Hvanneyri. Skráning fer fram hjá Lbhi í síðasta lagi 23. nóv. í s.433 5000 / 433 5033 og/eða á [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is). Einnig á skrifstofu BV í s. 437 1215.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 14.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Hægt er að skrá pöntun í pöntunarform sem aðgengilegt er á [www.buvest.is](http://www.buvest.is) en einnig er hægt að panta í síma 437-1215 eða senda pöntun á netfangið [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is). Almennt skal miða við að lágmarksafgreiðsla frá stöðinni sé sæði í 5 ær eða 1 strá.

Undantekning frá þessu er afgreiðsla á sæði úr forystuhrút. Um annað þarf að semja sérstaklega. Nauðsynlegt er að nefna a.m.k. einn hrút til vara.

Ef séð verður að nýting verður léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það í síma 437-1215 eða í gegnum tölvupóst á netfangið [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum. – ATH! Aðeins í tölvupósti um helgar.

**Gjaldskrá fyrir sæði:** Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- 1 – 50 sæddar ær ..... 685 kr./sk.
- 51 – 100 sæddar ær ..... 620 kr./sk.
- Til bænda og fjárræktarféлага, lágmark 100 sæddar ær  
enda sé pöntun, afhending og innheimta í einu lagi ..... 580 kr./sk.
- Til búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva ..... 550 kr./sk.

Skráning upplýsinga um sæddar ær hjá þeim sem eru með [fjarvis.is](http://fjarvis.is) skulu skráðar þar. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer. Þeir sem nota áfram sæðingadagbækur verða að senda blað úr þeim til uppgjörs eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, [www.buvest.is](http://www.buvest.is) Taflan sendist síðan í tölvupósti sem viðhengi á [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) eða til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar. Ef framangreindar skráningar og skýrslur um sæðingar hafa ekki skilað sér í síðasta lagi fyrir áramót reiknast 10 % álag.

Með bestu kveðju.

Starfsfólk Búnaðarsamtaka Vesturlands.

**Hrútaskráin er á [www.buvest.is](http://www.buvest.is)**



## SAUÐFJÁRSÆDINGASTÖÐ SUÐURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTADIR VERÐA VETURINN 2013 - 2014

### HYRNDIR HRÚTAR


# Kvistur

frá Klifmýri, Skarðsströnd.



MFF: Moli 93-986.

	Kvistur 07-866	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	111	172
	Pungi	47,3	47,0
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,6	17,4
	Ull	7,8	7,8
	Ómvoðvi	30,2	29,9
	Ómfita	2,7	2,6
	Lögun	4,2	4,1



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með breiðan og sterklegan haus. Hálsinn er stuttur og sver, herðarnar aðeins grófar en bolurinn sívalur. Bakið er breitt og vel holdfyllt. Malir mjög breiðar og prýðilega holdfylltar. Góð lærahold. Fætur sterkir. Fremur bollangur hrútur sem samsvarar sér ágætlega.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og á fótum og



gul hár áberandi í afturhluta reyfis. Pykkt og jafnt þel. Togið fremur gróft en hrokkið.

**Reynsla:** Kvistur 07-866 kom á sæðingastöð sumarið 2011 og er því að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann hefur verið allmikið notaður undanfarnir tvö ár og allstór hópur lamba komið til skoðunar undan honum. Í þeim hópi má finna marga glæsilega einstaklinga, sem sýna mjög góðar bakvöðvamælingar. Kvistur átti víða veturgamla syni sem skiluðu góðum lömbum haustið 2013.

Ásamt því að skila vel gerðum lömbum er talsverð reynsla komin á dætur Kvists. Þær eru frjósamar og kynbótamat hans batnaði fyrir þann eiginleika þegar stór dætrahópur bættist við um allt land vorið 2013. Jafnframt eru dætur hans góðar afurðaðar. Kvistur er því góður alhlíðahrútur til kynbóta.

**Litaerfðir:** Kvistur er arfblendinn hvítur, en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:** 2007-51-106-31/1,8/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-8,0-8,0-8,5=85,5 stig


## Fallnir hrútar 2012-2013 - ástæður

06-807	Púki	Felldur, fullnotaður
06-831	Stáli	Felldur, fullnotaður
06-833	Grábotni	Felldur, fullnotaður
06-864	Prófastur	Felldur, fullnotaður
07-844	Jökull	Felldur, fullnotaður
07-865	Blakkur	Fellur, vanþrif og gaddur
07-868	Knapi	Felldur, lélegur sæðisgjafi
07-876	Skugga Sveinn	Felldur, gaf ekki sæði
08-838	Borði	Felldur, fullnotaður
08-858	Forði	Drapst, barkabólga
08-859	Ljúfur	Drapst, heilablóðfall v/slagsmála
08-863	Jóakim	Felldur, fullnotaður
08-870	Hergill	Drapst, bráðkvaddur
08-872	Þristur	Felldur, lélegur sæðisgjafi
09-874	Seiður	Felldur, fullnotaður
09-878	Bassi	Felldur, hjartagalli, háði við sæðistöku
09-882	Partur	Felldur, gaf ekki sæði
09-888	Glæsir	Felldur, ígerð í lungum og haus
10-862	Svali	Drapst, barkabólga
10-893	Birkir	Drapst, slagsmál




# Snær

frá Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit.



MFF: Leki 00-880

	Snær 07-867	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	56	187
	Pungi	47,4	46,3
	Fótleggur	111	111
	Læri	17,5	17,4
	Ull	8,0	8,0
	Ómvöðvi	30,0	29,9
	Ómfita	2,6	2,4
Lögun	4,1	4,2	



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með svipmikinn haus. Aðeins háar en mjög vel holdfylltar herðar. Góðar útlögur. Bakið breitt, sterkt og holdfyllt. Malir breiðar með mjög góðri vöðvafyllingu. Þryðisgóð lærahold. Fætur sterkir. Bollangur og tignarlegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur en gul doppa í hnakka. Ullarmagn í meðallagi, reyfið jafnt. Togið meðalfint og í meðallagi langt, aðeins gróft á baki.

**Mál og stigun:**



07-867

**Reynsla:** Snær 07-867 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð og hefur verið talsvert notaður síðustu tvo vetur. Allstórir lambahópar hafa því komið til skoðunar undan honum bæði árin og eru aðalsmerki þeirra þykkur bakvöðvi og mjög lítil fita. Reyndar hafa mörg afkvæmi hans gríðarlega þykkar bakvöðva. Stundum skortir hins vegar á byggingu framparts á afkvæmum hans líkt og oft vill verða með afkvæmi mestu fituleysishrútanna. Nokkrir veturgamlir synir Snæs vítt um land skiluðu mjög athyglisverðum sláturniðurstöðum haustið 2013.

Jafnframt er nokkur reynsla komin á dætur hans, þær líkjast mjög frækum sínum dætrum þeirra Hvels 05-969 og Hyls 01-883. Þær eru frjósamar í meðallagi en mjög góðar afurðaðær.

**Litaerfðir:** Arfhreinn hvítur - gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2007-58-117-35/2,0/4,5(H)-8,0-8,5-8,0-9,0-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,5 stig


# Kjarkur

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



MMFF: Spónn 98-849, MMMF: Penni 93-989.

	Kjarkur 08-840	2010	2011	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	223	47	86	390
	Pungi	46,9	45,5	45,9	45,5
	Fótleggur	110	106	109	109
	Læri	17,3	17,3	17,5	17,3
	Ull	7,8	7,8	7,8	7,8
	Ómvöðvi	29,1	28,8	29,9	28,8
	Ómfita	2,7	3,0	3,0	2,9
Lögun	4,0	4,1	4,1	3,9	



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með sterklegan haus. Stuttur háls og breiðar, vel fylltar herðar. Góðar útlögur. Þykkt, breitt og sterkt bak. Malir í meðallagi langar, feiki-breiðar og vöðvamiklar. Mjög góð lærahold. Mjög góð fótstaða. Vel í meðallagi bollangur og kviðléttur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Pelið jafnt. Togið stutt á baki.

**Mál og stigun:**



08-840

**Reynsla:** Kjarkur 08-840 er nú að hefja sinn fimmta vetur á sæðingastöð og því reynslubolti sæðingastöðvanna þennan veturinn. Kjarkur er einn allra besti alhlíða kynbótahrúturinn sem stöðvarnar hafa yfir að ráða. Hefur hróður hans vaxið ár frá ári, sé sú staðreynd höfð í huga að litlu munaði að hann næði ekki í lífrútahópinum í Ytri-Skógum haustið 2008. Afkvæmi Kjarks eru talsvert breytileg í gerð en með litla fitu og í þeim hópi má alltaf finna nokkra gullmola. Kjarkur á víða athyglisverða syni og eru tveir þeirra komnir til notkunar á sæðingastöð, þeir Hængur 10-903 og Salamon 10-906.

Mikil reynsla er komin á dætur Kjarks sem skipa honum í hóp með allra öflugustu ærfeðrum landsins í seinni tíð. Dætur hans eru frjósamar og mjög góðar afurðaðær. Bændur eru því hvattir til að nýta sér kosti Kjarks sem mest því hrútar líkir og hann, sem eru jafngóðir í flestum eiginleikum, skila meiru til ræktunarstarfsins til lengri tíma lítið en hrútar sem aðeins eru stjörnur í einum eiginleika.

**Litaerfðir:** Kjarkur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2008-48-109-30/2,0/4,0(H)-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig

# Tenór


frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.

Ætt:



MFF: Áll 00-868.

	Tenór 08-873	2012	2013
LAMBHÚTASKÖÐUN	Fjöldi	105	190
	Pungi	48,8	47,4
	Fótleggur	110	110
	Læri	17,5	17,3
	Ull	7,9	7,9
	Ómvöðvi	30,3	29,7
	Ómfita	2,5	2,5
Lögun	4,2	4,0	



**Lýsing:** Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Háls er sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Breið bringa og góðar útlögur. Bakið er sterkt, breitt og gríðarlega holdfyllt. Malirnar eru langar og breiðar með mikilli vöðvafyllingu. Lærövöðvinn er þykkur og vel lagaður. Sterklegir fætur. Gæfur, mjög bollangur og frísklegur hrútur. **Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum og



08-873

smávegis í reyfi. Mjög ullarmikill, þelið þykkt og togið fremur fínt og hrokkið. Ákaflega ullarþrúður hrútur.

**Reynsla:** Tenór 08-873 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Allstór hópur hrúta hefur komið til skoðunar undan honum síðustu tvö haust. Afkvæmi hans eru þroskamikil samhliða því að hafa litla fitu. Þau hafa þykkar bakvöðva og góða gerð. Á mörgum þeirra skortir þó aðeins á frambyggingu líkt og oft vill verða með afkvæmi margra fituleysishrúta. Undan Tenór 08-873 hafa komið nokkrir athyglisverðir hrútar. Kjöttgæðaeiginleikar hans eru því óumdeildir.

Talsverð reynsla er fengin á Tenór sem ærföður og hafa dætur hans sýnt framúrskarandi frjósemi og hækkaði kynbótamat hans fyrir þann eiginleika verulega í síðasta útreikningi. Jafnframt eru dætur hans góðar afurðar.

**Litaerfðir:** Tenór er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:**

2008-55-109-31/2,0/4,5(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-9,0=84,5 stig


# Bósi

frá Þóroddstöðum, Hrutafirði.

Ætt:



MFF: Lundi 03-945.



**Lýsing:** Hvítur með svipmikinn haus, ögn krapphyrndur. Hálsinn stuttur og sver, herðar breiðar og fylltar. Útlögur góðar. Bakið breitt og vöðvafyllt. Mala- og lærahold góð. Fætur réttir og fótstaða góð.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Töluvert um gul hár í reyfi. Ullarmikill. Þelið þykkt og jafnt. Togið mikið og gróft en jafnt og hrokkið. **Reynsla:** Bósi 08-901 var fenginn á stöð sumarið 2013 og við val hans réð mestu hversu öflugur ærfaðir hann er. Hann skipar sér í hóp bestu hrúta landsins hvað þá eiginleika snertir og ekki þekkt að Þokugen



08-901

eða sambærilegur frjósemierfðavísir standi að baki þeirri miklu frjósemi sem dætur hans sýna. Um leið er hann prýðisgóður lambafaðir. Sláturlömbin undan honum höfðu núna í haust 17,1 kg fallþunga að jafnaði, með 9,6 í gerð og 6,1 í fitu. Búsmeðaltalið var 17,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,4 og fitu 6,0.

Móðir hans, 07-763, var tvílembd veturgömul og hefur ætíð átt þrjú lömb eftir það, með 8,8 afurðastig. Dætur hans sýndu glæsilega niðurstöðu árið 2013 með frjósemi vel yfir búsmeðaltali á búi þar sem fæðast að jafnaði heldur fleiri en tvö lömb á hverja kind. Meðalafurðastig þeirra voru 5,5. Sem flestir bændur ættu að nýta sér þá kosti sem Bósi býr yfir.

**Litaerfðir:** Bósi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stigun:**

2008-50-106-32/3,7/3,5(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig




# Gaur

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



FMF: Busi 03-946, MFF: Bjálfi 95-802.

Gaur 09-879		2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	459
	Pungi	47,2
	Fótleggur	110
	Læri	17,4
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,2
	Ómfita	2,6
	Lögun	4,0



**Lýsing:** Hvítur, ögn krapphyrndur með þróttlegan haus. Örlítið háar herðar en prýðilega holdfylltar. Útlögur í góðu meðallagi. Sterkt og vel fyllt bak. Mjög góð holdfylling bæði í mölum og lærum. Harðholda og sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum, svört doppa á herðum. Örlítið gult í reyfi aftantil. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið meðalþykkt en togíð stutt og fint.



09-879

**Reynsla:** Gaur 09-879 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Bergsstöðum. Hann var síðan gríðarlega mikið notaður síðasta vetur og mjög stór afkvæmahópur hans kom til skoðunar í haust. Afkvæmi hans eru þroskamikil, fitulítill og mikið um úrvals einstaklinga í hópnun en breytileiki í afkvæmahóp hans meiri en hjá mörgum öðrum stöðvahrútum. Bakvöðvamæling afkvæma hans var heldur undir meðaltali stöðvahrútanna.

Enn er lítil reynsla komin á Gaur sem ærföður og byggist hún aðeins á þeim fáu dætrum sem til eru heima á Bergsstöðum. Þær hafa verið frjósamar í meðallagi en góðar afurðaðar. Kynbótamat Gauris fyrir dætraeiginleika er hagfellt og minnt er á að móðurfaðir hans Deli 98-094, var á sinni tíð einn besti ærfaðir á Íslandi.

**Litaerfðir:** Gaur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:**

2009-44-108-29/2,5/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stíg


# Rafall

frá Úthlíð, Skaftártungu.



MFF: Lækur 97-843, FMMF: Neisti 97-844, MMFF: Bruni 93-988.

Rafall 09-881		2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	187
	Pungi	48,4
	Fótleggur	109
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	29,1
	Ómfita	3,0
	Lögun	4,1



**Lýsing:** Hvítur, svipmikill og vel hyrndur hrútur. Góð vöðvafylling í herðum og bolurinn mjög útlögumikill. Bakið sterkt, langar og vel fylltar malir. Vel lagaður og góður lærvöðvi. Sterklegir fætur og fótstaða góð. Mjög bollangur og föngulegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Örlítið gult í hnakka, fótum og aðeins aftan til í reyfi. Fremur ullarmikill en stutt ull á baki. Togið jafnt, hrokkið og meðalfint.



09-881

**Reynsla:** Rafall 09-881 kom nýr inn á stöð sumarið 2012 og er því að hefja sinn annan vetur þar. Hann fékk umtalsverða notkun síðasta vetur og stór hópur afkvæma hans kom til skoðunar. Þau voru mjög þroskamikil, vel gerð en í feitari kantinum samanborið við afkvæmi annarra stöðvahrúta. Bakvöðvi þeirra var yfir meðaltali afkvæmahópa hyrndu hrútanna og á mörgum búum voru það synir Rafals sem voru bestu hrútarnir við lambaskoðun núna í haust.

Jafnframt er komin umtalsverð reynsla á Rafal sem ærföður, þó hún byggir enn að öllu leyti á dætrum á heimaslóð. Þær hafa sýnt frjósæmi talsvert yfir meðallagi ásamt því að vera mjög góðar afurðaðar, þannig voru dætur hans með 5,6 afurðastig að meðaltali haustið 2012. Rafall hefur því heldur styrkt stöðu sína frá fyrra ári sem kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Rafall er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



# Soffi

frá Garði, Pistilfirði.  
(Keyptur frá Minni-Ökrum, Akrahreppi)




FMFF: Mímir 04-951, MFFF: Prúður 94-834, MFMF: Bambi 95-829.

	Soffi 10-885	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	86
	Pungi	47,9
	Fótleggur	110
	Læri	17,1
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,9
	Ómfita	2,9
Lögun	3,9	

**Lýsing:** Mórauður með fríðan haus en aðeins krapphyrndur. Örlítið háar en holdfylltar herðar. Breið bringa og útlögur í meðallagi. Breitt og átökugott bak. Malir langar og vel fylltar ásamt góðum læraholdum. Feikna bollangur og hetjulegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Áberandi grá háir í reyfi. Fremur ullarmikill og reyfið þykkt. Togið í meðallagi fint.

**Reynsla:** Soffi 10-885 kom á stöð sumarið 2012



**Mál og stigun:**



á grunni góðrar reynslu á heimabúi. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur en hins vegar héldu aðeins rétt um 40% af ánum sem voru sæddar með sæði úr honum og árangurinn var því ekki nógu góður. Rétt þótti að hafa hann aftur í hrútaskrá en sæði úr honum verður skoðað sérstaklega. Nokkur hópur afkvæma hans skilaði sér í skoðun í haust og voru afkvæmi hans þroskamikil en talsvert breytileg að gæðum. Lærahold margra þeirra voru slök og voru þau í feitari kantinum. Mælingar á bakvöðva þeirra komu ágætlega út og voru afkvæmi Soffa þar í meðallagi. Í raun var meira af öflugum gimbrarlömbum en hrútlömbum í afkvæmahóp hans. Hann er því ekki jafn sterkur m.t.t. kjötgæða og sagt var frá í hrútaskrá síðasta árs.

Lítill reynsla er enn fengin á Soffa sem ærföður. Dætur hans eru allar enn á heimabúi en hafa sýnt ágæta frjósemi þar ásamt góðum afurðum. Hálfystur hans, dætur Atla 09-254 eru úrvalsafurðær, bæði frjósamir og mjólkurlagnar. Kynbótamat hans sýnir þó frjósemi aðeins undir meðallagi en afurðir yfir meðallagi. Frekari reynsla verður að varpa betra ljósi á þá bætti.


**Litaerfðir:** Þar sem Soffi er mórauður sjálfur má vænta allra grunnlita hjá afkvæmum hans leyfi móðurætt slíkt. Hann hefur einnig erfðavísi fyrir tvílit - gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


2010-48-110-34/3,3/4,5(H)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

# Hængur

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.



MMF: Snúður 00-911 MFFF: Otur 00-910.




**Lýsing:** Hvítur, vel hyrndur með svipfríðan, þróttlegan haus og stuttan háls. Breiðvaxinn með fullháar herðar en mjög góðar útlögur. Bakið breitt með góðan vöðva. Malir breiðar með fremur góðri vöðvafyllingu. Lærahold

þrýðisgóð og fætur sterkir. Bollengd í meðallagi. Föngulegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnacka og á fótum. Töluvert gult í ull. Fremur ullarmikill, þelið allþykkt. Togið mikið, langt og gróft.

**Reynsla:** Hængur 10-903 kom á stöð haustið 2013 að lokinni afkvæmarannsókn sem gerð var fyrir sæðingastöðvarnar í Dalahólfi nyrðra. Rannsóknin fór fram á bæjunum Klífmýri og Geirmundarstöðum á



Skarðsströnd. Hængur vakti þó fyrst athygli veturgamall í afkvæmarannsókn heima á Geirmundarstöðum og aftur haustið 2012. Afkvæmi hans eru vel gerð með litla fitu og í afkvæmahópi hans mátti finna góð hrútsfni. Haustið 2012 skiluðu sláturlömb undan honum 16,7 kg falli að jafnaði með 10,3 í gerð og 6,5 í fitu. Búsmeðaltalið var 16,9 kg fallþungi, gerð 9,7 og fita 6,7. Hliðstæðar sláturniðurstöður sýndi hann haustið 2013 á báðum búunum þar sem hann var notaður. Hér er því á ferðinni öflugri kjötgæðahrútur en faðir hans, Kjarkur 08-840.

Móðir Hængs, 07-857, var geld veturgömul, síðan einu sinni einlembd, annars tvílembd með 6,1 afurðastig. Hængur hefur lofandi kynbótamat fyrir dætraeiginleika og fyrstu vísbendingar benda til að það sé rétt. Allstór hópur dætra hans á Geirmundarstöðum sýndi frjósemi um meðaltal síðastliðið vor og voru þær með 5,3 afurðastig að jafnaði í haust.

**Litaerfðir:** Hængur er arfblendinn hvítur, með erfðavísi fyrir tvílit en ekki mórauðum lit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:**


2010-49-108-33/1,6/4,5(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

# Myrkvi

frá Brúnastöðum, Fljótum.



MFF: Mímir 04-951, FMFF: Sónar 97-860, MFMF: Flotti 98-850.



**Lýsing:** Svartur með stuttan, svipfríðan haus. Fremur gróf- og krapphyrndur. Sver háls, fullháar herðar en ágæt- ar útlögur. Sterkt og vel breitt bak. Kúptar malir. Lærvöðvinn þykkur og fyllir mjög vel upp í krikann. Sterkleg fótstaða. Kviðléttur og samsvarar sér vel á velli.

**Ullarlýsing:** Tinnusvartur. Liturinn jafn og laus við móleitan blæ. Fremur ullarmikill. Pelið þykkt. Togið í meðallagi langt, hrokkið og meðalfínt.

**Reynsla:** Myrkvi 10-905 var fenginn á stöð sumarið 2013 á grunni glæsilegs árangurs á heimabúi. Hann var mikið notaður strax fyrsta veturinn og sýndi mikla yfirburði heima á Brúnastöðum haustið 2011. Þannig voru sláturniðurstöður 70 lamba undan honum það haust, 17,1 kg fallþungi með 10,3 í gerð og 6,5 í fitu. Búsmeðaltalið sama ár var 16,1



10-905

kg. fallþungi, gerð 9,4 og fita 6,7. Myrkvi hefur tvisvar staðið efstur og einu sinni annar í afkvæmarannsóknnum á Brúnastöðum síðastliðin þrjú haust en á búinu hafa verið um og yfir 20 hrútar í samanburði þessi ár. Hann hefur alltaf fengið sterka niðurstöðu í báðum þáttum rannsóknarinnar. Líkt og Sokki 07-835 afi hans skilar hann lömbum með vel gerðum afturparti en með meiri bollengd. Myrkvi er blanda af hyrnu og kollóttu fé í báðar ættir en móðir hans er kollótt. Á móti hyrndum ám gefur hann aðeins hyrnt. Myrkvi er mjög kynfastur og vandfundinn er afkvæmahópur sem er jafn samstæður í útliti og dætur hans á Brúnastöðum.

Móðir Myrkva, Dyggð 09-129, er góð afurðaðer, átti eitt lamb veturgömul og hefur verið tvílembd eftir það með 6,4 afurðastig. Fyrstu upplýsingar um dætur Myrkva eru einnig jákvæðar, þannig sýndu um 30 dætur hans frjósemi yfir búsmeðaltali vorið 2013 og voru með 5,2 afurðastig að jafnaði um haustið. Myrkvi er því lofandi alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Myrki er svartur en hefur erfðavisi fyrir móræuðum lit sem og tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2010-52-112-31/3,5/4,0(H)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

# Váli

frá Gunnarsstöðum, Pistilfirði.



MFFF: Leki 00-880, MMFF: Bútur 93-982.



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með nokkuð svipsterkan haus og kröpp horn. Hálsinn stuttur og sver og herðar fremur háar. Bringan breið en aftan við bóga vantar fyllingu. Útlögur í góðu meðallagi. Bakið sterkt og breitt með þykkun vöðva. Malir aðeins

afturdregnar en með góðan vöðva. Lærahold góð. Fótstaða góð og bollengd einnig.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum. Örlítið gult í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Pelið jafnt. Togið fremur stutt, sérstaklega í baki en fingert.

**Reynsla:** Váli 10-907 kom á stöð sumarið 2013 á grunni jákvæðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Gunnarsstöðum. Hann hefur komið vel út í afkvæmarannsóknnum undanfarin ár, þar sem að



10-907

jafnaði hafa verið 15-20 hrútar í samanburði. Váli hefur yfirleitt sýnt meiri yfirburði í kjötmati en við mælingar á lifandi lömbum. Þar líkist hann mjög föður sínum, Stála 06-831. Í afkvæmarannsókn haustið 2012 skiluðu afkvæmi hans 15,5 kg fallþunga að jafnaði með 9,8 í gerð og 5,7 í fitu. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,9. Váli er því með áþekka kjötgæðaeiginleika og faðir hans.

Kynbótaspá Vála fyrir eiginleika dætra er honum hagfelld fyrir báða eiginleikana og fyrstu upplýsingar um dætur hans lofa mjög góðu. Þannig sýndi allstór hópur þeirra frjósemi talsvert yfir búsmeðaltali í vor. Í haust voru þær með 5,7 afurðastig að jafnaði.

Móðir Vála, 06-168, var einlembd veturgömul og einu sinni eftir það (Váli er fæddur einlembingur), annars tvílembd, með 6,3 afurðastig. Váli er því mjög lofandi alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Váli er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórætt né tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2010-52-110-36/4,0/5,0(H)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig


# Drífandi

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Kveikur 05-965.

	Drífandi 11-895	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	149
	Pungi	44,4
	Fótleggur	109
	Læri	17,5
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	29,2
	Ómfita	2,6
Lögun	4,0	



**Lýsing:** Svartur, fínhyrndur með svipfríðan haus. Hvelfdur bolur með miklar útlögur og breiðar, holdfylltar herðar. Mjög góð bakhold. Malir í meðallagi langar, breiðar og vel holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og kúptur, fyllir feikna vel í krika. Prúður og samantekinn holdahnaus.

**Ullarlýsing:** Ullarmikill með jafnt og þykkt reyfi. Örlítið um grá háir. Togið hrokkið,



11-895

meðalfint og jafnt um allt reyfið.

**Reynsla:** Drífandi 11-895 var fenginn á stöð að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2012. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og allstór hópur lamba undan honum kom til skoðunar í haust. Afkvæmi hans voru heldur léttari en afkvæmi annarra stöðvahrúta en afbragðsvel gerð samhliða hóflegri fitu, líkt og kynbótamat hans gefur til kynna. Margir af „gullmolum“ haustsins voru undan honum. Kjötgæðaeiginleikar hans eru því óumdeildir.

Lítill reynsla er enn fengin á Drífanda sem ærföður, aðeins eru til veturgamlar ær undan honum á Hesti. Þær sýndu mikla frjósemi í vor og hækkaði kynbótamat hans fyrir frjósemi umtalsvert. Jafnframt skiluðu þær flestar góðum lömbum nú í haust svo líklega verða þær einnig öflugar afurðær. Drífandi er því öflugur hrútur til framræktunar, hvort heldur sem er fyrir mislitt eða hvítt fé.

**Litaerfdir:** Drífandi er arfhreinn svartur, gefur hvorki mórâuðan lit né tvílit.


**Artgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-47-108-30/1,9/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig


# Prúður

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MMF: Bessi 99-851

	Prúður 11-896	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	465
	Pungi	45,4
	Fótleggur	108
	Læri	17,4
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,5
	Ómfita	2,7
Lögun	4,0	



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur og svipfríður. Háls er stuttur og herðar holdgrónar. Útlögur mjög góðar. Bak með þykkum vöðva. Malir í meðallagi langar en frábærlega fylltar. Lærvöðvinn þykkur og fyllir vel upp í krika. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og ágætlega bollangur hrútur sem jafnframt er glæsilegur á velli.

**Ullarlýsing:** Ljósugulur í hnakka og á fótum. Örlítið gult í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel jafnt og þykkt. Tog hrokkið og fremur fint.



11-896

**Reynsla:** Prúður 11-896 var fenginn á stöð haustið 2012 að lokinni afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum. Þar gaf hann vel gerð lömb en bakvöðvi þeirra mældist nokkuð breytilegur líkt og getið var um í hrútaskrá síðasta árs. Prúður var engu að síður mest notaði hrúturinn á sæðingastöðvunum síðasta vetur og gríðarlega stór afkvæmahópur kom til skoðunar haustið 2013. Þau voru mjög breytileg að gæðum og á sumum bæjum hentaði hann ekki á nokkurn hátt. Margir hafa því eflaust aðeins horft á myndina af honum þegar þeir ákváðu að veðja á hann til kynbóta síðasta vetur þar sem skýrt kom fram í umsögn að hann átti ekki afgerandi besta afkvæmahópin í rannsókninni. Afkvæmi hans voru undir meðaltali í vænleika og í bakvöðvamælingum en vel gerð, mörg með afbragðs lærahold og flokkuðust vel í sláturhúsi. Kynbótamat hans fyrir kjötgæði er því nokkuð öruggt og veturgamall sonur hans Skrúður 12-449 kom vel út í afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum haustið 2013.

Takmörkuð reynsla er enn fengin af dætrum Prúðs. Tvær af fimm veturgömlum dætrum hans áttu tvö lömb voríð 2013, hinar allar eitt og skiluðu þær mjög góðum lömbum haustið 2013 sem flokkuðust mjög vel, nokkur í E. Kynbótamat fyrir dætraeiginleika er jákvætt.

**Litaerfdir:** Prúður er arfhreinn hvítur.

**Artgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-59-105-40/2,9/5,0(H)-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,0=88,5 stig




# Bekri

frá Hesti, Borgarfirði.



MMMF: Sekkur 97-836.



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með stuttan en sterklegan haus og mjög gott hornalag. Háls og herðar, vel fylltar. Bringa fremur breið, útlögur góðar. Bakið vel vöðvafyllt. Malir aðeins afturdregnar en vöðvafylltar. Lærvöðvi er vel lagaður og fyllir vel í krikann.

Fótstaða góð og bollengd í góðu meðallagi. Snotur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Gulur á fótum og í hnacka. Nokkuð um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið þykkt og jafnt. Togið svolítið strítt og gróft og styttra á baki.

**Reynsla:** Bekri 12-911 er einn fjögurra hrúta sem teknir voru á stöð að

lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2013. Í rannsókninni skilaði Bekri mjög vel gerðum lömbum en ekki með jafnlitla fitu og margir fyrrum bekrar frá Hesti hafa gert. Bakvöðvi sona hans mældist undir meðaltali rannsóknarinnar. Fallþungi tvílembingshrútanna var 15,5 kg, gerð 10,0 og fita 5,7. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,4 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,2.

Móðir hans, 06-179, var tvílembd þegar hún var gemlingur, einlembd tveggja vetra en tvílembd síðan utan einu sinni þrílembd (Bekri er fæddur þrílembingur) með 5,4 afurðastig. Vegna aldurs Bekra er BLUP-matið á afurðaeiginleikum dætra hans að öllu leyti byggt á ætterni, en það segir að dætur Bekra verði lofandi afurðaaer. Nánustu forfeður hans eru þekktir yfirburða kynbótagripir, þeir Raftur 05-966 og Grábotni 06-833. Hvor þeirra um sig hlaut verðlaun sæðinga-stöðvanna sem besti alhiða kynbótagripurinn á sinni tíð.

**Litaerfðir:** Bekri er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, en hvorki þekkt að hann hafi erfðavísi fyrir mórauðum lit né tvílít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2012-44-107-29/3,2/3,5(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig

# Skratti

frá Hesti, Borgarfirði.



MFFF: og MMFF: Bjálki 06-995, MMMF: Mangó 03-948.



**Lýsing:** Hvítur, krapp-hyrndur með þróttlegan haus. Herðar aðeins háar og örllítið vantar í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir, þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd góð. Fætur

réttir. Spakur og rólegur hrútur sem ber ekki nafn með rentu.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnacka og á fótum. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Toglítill og togið fremur fínt. Pelið þykkt og jafnt.

**Reynsla:** Skratti 12-913 er einn fjögurra hrúta sem kom á stöð að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2013. Afkvæmi Skratta sýndu góða útkomu m.t.t. kjötgeða. Afkvæmahópur hans var hæstur í gerðarmati. Fallþungi tvílembingshrútanna var 15,9 kg, gerð 10,1 og fita 5,6. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,4 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,2. Skratti er með efnilegustu sonum Púka 06-807 sem komið hafa fram á sjónarsviðið og vonandi að hann verði jafnoki föður síns sem öflugur ærfaðir.

Móðir Skratta, 09-875, varð ekki langlíf, var felld haustið 2012 vegna júgurskemmdar. Hún var geld sem gemlingur en síðan tvisvar tvílembd með 6,4 afurðastig. Vegna aldurs Skratta er BLUP-matið á afurðaeiginleikum dætra hans að öllu byggt á ætterni, en það er jákvætt fyrir báða eiginleikana.

**Litaerfðir:** Skratti er arfhreinn hvítur.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2012-48-110-33/3,3/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,5 stig

# Saumur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Bramli 04-952, FMFF: At 06-806, FMMF: Kunningi 02-903.



**Lýsing:** Hvítur, með svipfríðan haus og fínhyrndur. Hálsinn sver og vel bundinn við herðar sem eru vel holdfylltar og breiðar. Bringan breið og útlögur miklar. Bakið breitt og mjög vel vöðvafyllt. Malir vöðvafylltar og kúptar. Lærahold með því besta sem gerist.

Bollengd góð. Fætur réttir. Glæsikind á velli og metfé að allri gerð.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnacka og á fótum. Mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel allþykkt og jafnt. Togið fremur stutt og hrokkið en fínt.

**Reynsla:** Saumur 12-915 var fenginn á stöð að lokinni afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum haustið 2013 þar sem hann átti afgerandi besta

afkvæmahópinn. Undan honum mátti þar sjá marga gríðarlega fallega einstaklinga en niðurstaða rannsóknarinnar var honum hagstæð fyrir alla eiginleika nema ullargæði. Afkvæmahópur hans hafði gríðarlega þykkar og vel lagaðan bakvöðva samhlíða lítilli fitu, góða frambyggingu og afbragðs lærahold. Meðalfallþungi sláurlamba undan honum í rannsókninni var 17,6 kg, gerð 11,1 og fita 5,8. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 6,6. Kjötgæðaeiginleikar Saums eru því óumdeildir. Afkvæmahópur hans er líklega með athyglisverðustu afkvæmahópum sem sáust á landinu í haust. Móðir hans, Tara 09-711, var einlembd sem gemlingur en síðan ætíð tvílembd með 4,7 afurðastig. Vegna aldurs Saums er BLUP-matið á afurðaeiginleikum dætra hans eingöngu byggt á ætterni, en það segir að dætur hans verði um meðallag, bæði hvað varðar frjósemi og mjólkurlagni.

**Litaerfdir:** Saumur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:**

2012-47-101-35/1,7/4,5(H)-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stígun

## NEW HOLLAND T5

**NEW HOLLAND**  
AGRICULTURE



Einstök hönnun á húsi þar sem öll tæki eru innan seilingar og með frábært útsýni úr húsi sem enginn annar býður. Aukin þægindi fyrir ökumann og farþega



Stærri hurðir auðvelda umgengni í ökumannshúsi



Kúplingsfrí skipting og vökvavendigir



New Holland stendur fyrir gæði, endingu og frábært endursöluverð

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8  
201 Kópavogur  
Sími 535 3500  
www.kraftvelar.is  
kraftvelar@kraftvelar.is



# Vorum að taka inn nýja sendingu af vörum frá RITCHIE.

Einingarnar í RITCHIE kerfinu eru hannaðar til þess að ganga saman sem eykur notkunarmöguleika og styttr vinnuferla. Einingarnar eru teinaðar saman á fljótlegan og einfaldan hátt. Allar vörurnar frá RITCHIE eru heitgalvanhúðaðar sem tryggir hámarksendingu við íslenskar aðstæður.



## Fjárgangur

Til meðhöndlunar og flokkunar á sauðfé. Grunneining. Mögulegt er að bæta við grunneiningu eða kaupa staka hluti úr henni.



## Veltibúr


Auðveldar klaufskurð til muna. Snýr fénu og skorðar það á bakið. Rétt vinnuhæð, ekkert bogr, engin barátta.



## Fjárnvogir

Galvaniseraðar fjárnvogir. 3 útgáfur í boði:

1. Með skífu
  2. Með einfaldri tölvu. Birtir vegið gildi.
  3. Með fullkomnari tölvu sem vistar vegin gildi við númer.
- Hægt að tengja við heimilistölvu og örmerkjalesara.



## Gerðisgrindur

Koma í tveimur lengdum, 1,2 m og 1,8 m. Hagstætt verð. Læsast saman án nokkurra festinga

### Aðrar vörur í sauðfjárbúskapinn:

**Gjafagrindur** - Gjafagrindurnar frá Ritchie eru sterk smíði. Teinaðar saman, einfaldari meðhöndlun. Heitgalvanhúðaðar.

**Combi-Clamp fjárklemman** - Fjárklemman klemmir féð og heldur því kyrru á meðan það er meðhöndlað. Flokkun í 3 áttir. Rétt vinnuhæð.

**Drykkjarker** - Drykkjarker með floti, henta vel í fjárhúsin. Galvaniseruð á góðu verði.


**Comer heyskeri** - Meðfærilegur og góður. Sker rúllur eins og smjör.



## KOLLÓTTIR HRÚTAR


## Steri

frá Árbæ, Reykhólasveit.  
(Keyptur frá Bæ, Árneshreppi)



FMMF: Dalur 97-838.

	Steri 07-855	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	225	226
	Pungi	48,1	47,5
	Fótleggur	110	109
	Læri	17,6	17,4
	Ull	8,1	8,1
	Ómvöðvi	29,5	28,7
	Ómfita	3,2	3,0
	Lögun	4,0	4,0



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipmikinn haus. Herðar ákaflega vel holdfylltar og bolurinn sívalur. Pykkt og sterklegt bak. Mjög góð vöðvafylling á mólum og læraholdin afar góð. Sterkir fætur. Kviðléttur og jafnvaxinn hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka, á fótum og gul hár aftan til í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur stutt en fínt.



07-855

**Reynsla:** Steri 07-855 kom til notkunar á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2011 og er því að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur verið mikið notaður síðustu tvo vetur og stórir hópar lamba undan honum komið til skoðunar bæði haustin. Afkvæmi hans eru kostamikil, láta lítið yfir sér á velli, eru heldur ullarlítill en gríðarlega harðholda með öflugan bakvöðva ásamt afbragðs læra- og malaholdum. Víða eru synir hans að slá í gegn sem lambafæður og kynbótagildi hans fyrir kjöttgæði því óumdeilt.

Jafnframt er komin mikil reynsla á Stera sem ærföður. Dætur hans eru um meðallag hvað frjósemi snertir en miklar afurðar.

**Litaerfðir:** Steri er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvítt.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2007-51-105-32/2,9/5,0(S)-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-9,0=87,0 stig


## Höttur

frá Húsavík, Steingrímsfirði.



MFFF: Boli 99-874.

	Höttur 09-887	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	97
	Pungi	47,4
	Fótleggur	111
	Læri	17,3
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	27,4
	Ómfita	3,2
	Lögun	3,7



**Lýsing:** Svartfleckóttur, kollóttur með þróttlegan og breiðan haus. Herðar breiðar og vel fylltar, bringan breið og útlögur miklar. Breitt og sterkt bak ásamt breiðum, vel fylltum mólum. Góð lærahold, lærvöðvinn mjög þykkur. Virkjamikill og bollangur hrútur.

**Ullarlýsing:** Svartir dropar um allan bol. Mjög ullarmikill og reyfið þykkt, nokkuð togmikið og togið fremur gróft.



09-887

**Reynsla:** Höttur 09-887 var fenginn á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu á heimabúi og er því að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var mikið notaður síðasta vetur og allstór hópur afkvæma hans kom til skoðunar nú í haust. Þetta voru kostamikil lömb, væn og falleg á velli. Bakvöðvamælingar þeirra voru aðeins undir meðallagi en mörg afkvæma Hattar eru með afbragðs mala- og lærahold. Litaerfðir þeirra var einnig mikill og hentar hann því vel þeim sem vilja halda í sem flesta af grunnlitum íslenska sauðfjárfjarkynsins.

Takmörkuð reynsla er komin á Hött sem ærföður. Dætur hans eru allar enn á heimabúi en þar hafa þær sýnt góða frjósemi ásamt því að vera góðar afurðar. Kynbótamat hans fyrir þá eiginleika er honum hagfelld.

**Litaerfðir:** Undan Hetti má vænta allra grunnlita sauðfjarsstofnsins leyfi móðurætt slíkt þar sem hann hefur auk tvílitar, erfðavísir fyrir móræðum lit.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2009-47-106-28/3,0/4,0(H)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

# Strengur

frá Árbæ, Reykhólasveit.



MMF: Emil 05-025 faðir Stera 07-855.

	Strengur 09-891	2013
LAMBHRÚTASKOBUN	Fjöldi	182
	Pungi	50,0
	Fótleggur	110
	Læri	17,4
	Ull	8,3
	Ómvöðvi	27,7
	Ómfita	3,3
Lögun	3,8	



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Herðar kúptar og vel fylltar. Bolur sívalur og útlögur mjög miklar. Bakið breitt, vel vöðvað og malir mjög vel holdfylltar. Lærahold frábær. Fótstaða góð. Bollangur og fongulegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Þelið jafnt. Togið fremur stutt, hrokkið en dálítið gróft í aftanverðu reyfinu.

**Mál og stígun:**



09-891

**Reynsla:** Strengur 09-891 kom á stöð haustið 2012 að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu. Hann var mikið notaður síðasta vetur en fanghlutfallið reyndist ekki nógu gott eða um 50%. Rétt þótti þó að hafa hann aftur í hrútaskrá, en sæði úr honum verður skoðað sérstaklega. Hann átti stóran afkvæmahóp sem kom til skoðunar um allt land núna í haust. Afkvæmi hans eru mjög þroskamikil og voru þau þyngstu af afkvæmum allra stöðvahrúta haustið 2013. Þau eru vel gerð en aðeins í feitara lagi og bakvöðvi þeirra aðeins breytilegur. Í hópnum voru margir glæsilegir gripir og synir Strengs röðuðu sér víða í efstu sæti á yfirlitssýningum í haust.

Nokkur reynsla er fengin á Streng sem ærföður og eru dætur hans yfirburðær. Þær eru frjósamar og yfirburða afurðær, þannig voru tæplega 40 dætur hans með 5,9 afurðastig að meðaltali haustið 2012.

**Litaerfðir:** Strengur er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir tvílit og mórauðum lit - gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.


2009-48-109-31/2,3/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-18,0-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

# Dolli

frá Heydalsá, (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



	Dolli 09-892	2013
LAMBHRÚTASKOBUN	Fjöldi	156
	Pungi	48,9
	Fótleggur	111
	Læri	17,1
	Ull	8,3
	Ómvöðvi	27,6
	Ómfita	2,8
Lögun	3,7	



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipmikinn haus. Vel fylltur um háls og herðar en örliðið slöður aftan við bóga. Útlögur í meðallagi. Breitt og sterkt bak. Breiðar holdfylltar malir. Ágæt lærahold, mjög bollangur og gæfur hrútur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið jafnt. Togið nokkuð mikið en langt og nokkuð gróft.

**Mál og stígun:**



09-892

**Reynsla:** Dolli 09-892 kom á stöð haustið 2012 og er því að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann býr yfir Pokugeninu, mikilvirkum frjósemiserfðavísi, og helmingur afkvæma hans ætti að erfa þann eiginleika. Hann var mikið notaður síðasta vetur og stór hópur sona hans kom til skoðunar um allt land haustið 2013. Hann gefur þroskamikil lömb sem jafnframt hafa litla fitu en gerðin er breytileg og skortir oft talsvert á lærahold þeirra. Engu að síður komu fram á sjónarsviðið nokkrir athyglisverðir synir Dolla og víða eru til undan honum góðir hrútar.

Auk þess að gefa mjög frjósamar dætur gefur hann góðar afurðær en rúmlega 50 dætur hans voru að jafnaði með 5,3 afurðastig haustið 2012. Kynbótageildi hans er því óumdeilt en hann er hvað sterkastur í þeim eiginleikum sem skila bændum hvað mestum fjárhagslegum ávinningi.


**Litaerfðir:** Dolli er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir tvílit en ekki mórauðum lit - gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


2009-52-110-30/2,9/4,5(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=87,0 stig

# Fjalli

frá Ásgarði, Landbroti.



FFFF: Broddi 07-824, FMFF: Spakur 03-976, FMF: Ás 04-813 og MMFF: Dalur 97-838



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan, sveran og þróttlegan haus. Hálsinn sver og herðarnar breiðar og holdfylltar. Bringan breið og útlögur góðar. Vel holdfyllt og breitt bak. Malir mjög breiðar og áberandi kúptar með mikla

vöðvafyllingu. Lærvoðvi kúptur og þykkur og fyllir mjög vel uppi krika. Fótstaða góð. Péttvaxinn og samanrekinn hrútur.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnacka og á fótum. Dröfnóttur. Gul hár ekki áberandi í reyfi. Ullarmikill, reyfið jafnt og þykkt. Togið hrokkið, fremur fínt en í grófara lagi á síðum og lærum.

**Reynsla:** Fjalli 11-898 var tekinn á sæðingastöð sumarið 2013 á grunni



11-898

góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima í Ásgarði. Í ættartré hans má finna marga þekktu hrúta, m.a. Ás 04-813 og Fal 03-980. Afi hans Nesi 09-400 kom sem lamb að Ásgarði úr hinni þekktu ræktun hjá Jóni og Ernu á Broddanesi 1, Strandasýslu. Fjalli gefur væn og vel gerð lömb sem þó eru í feitari kantinum líkt og kynbótamat hans fyrir fitu gefur til kynna. Fallþungi afkvæma hans haustið 2012 var 18,4 kg, gerðin 10,5 og fitan 7,8. Búsmeðaltalið sama ár var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og fitu 7,5.

Móðir Fjalla, 08-805, var geld gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 6,5 afurðastig. Vísbendingar eru um að Fjalli verði góður ærfaðir. Veturgamlar dætur hans voruð 2013 sýndu góða frjósemi og skiluðu vænum lömbum nú í haust en kynbótamat hans fyrir mæðraeiginleika sem enn er aðeins ætternismat er um meðaltal fyrir báða eiginleika.

**Litaerfðir:** Fjalli er arfblendinn hvítur með erfðavisi fyrir mórauðum lit og tvílit – gefur hreinhvítt.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2011-42-104-31/3,1/4,5(H)-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=87,0 stig

# Robbi

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.  
(keyptur frá Miðdalsgróf, Steingrímsfirði)



MMFF: Ægir 01-916.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með brúsk í enni og svarta dropa á haus. Herðar í meðallagi breiðar, vel fylltar og útlögur góðar. Bakið breitt og gott átöku. Malir breiðar og langar, vel fylltar. Lærahold góð. Bollangur hrútur með góða fótstöðu.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum og örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið þykkt og mikið. Togið lítið, stutt og fremur fínt.

**Reynsla:** Robbi 11-900 kom á stöð að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2013. Hann var aðeins notaður í Miðdalsgróf en við val hans var ekki síður horft á frábærar niðurstöður úr afkvæmarannsókn haustið 2012. Afkvæmi hans hafa þykka vöðva og



11-900

litla fitu en hann sýndi sambærilega niðurstöðu hvort heldur sem er við skoðun hrút- eða gimbrarlamba. Haustið 2012 var fallþungi afkvæma hans 18,5 kg, gerð 10,7 og fita 7,0. Búsmeðaltal var 18,2 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,9 og fitu 7,3. Hann er því öflugur kjötgæðahrútur líkt og faðir hans, Roði 10-897, sem einnig kom á stöð nú í haust.

Móðir Robba, 08-031, varð skammlíf. Hún var einlembd veturgömul, tvílembd tveggja vetra og þrílembd árið sem hún átti Robba, með 8,0 afurðastig. Kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er enn að mestu aðeins byggt á ætterni en lofar góðu fyrir báða eiginleika. Allstór hópur veturgamalla dætra hans sýndi frjósemi heldur undir búsmeðaltali síðasta vor en þær skiluðu góðum lömbum með 5,4 afurðastig að meðaltali.

**Litaerfðir:** Robbi er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-46-108-31/2,7/4,5(S)-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,5 stig



## FELDFJÁRHÚTUR

## Gráfeldur

frá Bakkakoti, Meðallandi



08-894

**Lýsing:** Grár, kollóttur með stuttan, þróttlegan og sveran haus. Aðeins grófur um herðar en með þokkalegar útlögur. Bakið sterklegt, breiðar malir með allgóða vöðvafyllingu. Lærahold í meðallagi, bollengd góð. Fætur réttir. Breiðvaxinn og sterklegur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Steingrár, jafn litur. Fremur ullarmikill. Þelið jafnt. Togið fínt og hrokkið, sérstaklega í baki en aðeins gróft í síðum.

**Reynsla:** Gráfeldur 08-894 kom á stöð sumarið 2013 þegar ákveðið var í fyrsta sinn að taka hrút af feldfjástofni til notkunar á sæðingastöð. Feldfé hefur verið ræktað í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er ekki stór. Í dag er hann að finna á þremur bæjum. Auk Bakkakots er feldfjástofn á Melhól í Meðallandi og Þykkvabæjarklaustri í Álfaveri. Við ræktun feldfjár er lagt mat á fimm ullareiginleika. Þeir eru: Hreinleiki litar, lokkun ullar, þéttleiki ullar og gljái og hárgæði. Þessa ullareiginleika er auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra er hátt en rétt að taka fram að ullargæðin kæmu ekki fram í

blöndun strax í fyrstu kynslöð ef Gráfeldur væri notaður á ær sem ekki skörðuðu fram úr í þeim eiginleikum sem lýst var að framan. Við skoðun lamba í Bakkakoti undanfarin ár hafa afkvæmi Gráfelds verið yfir meðaltali í öllum fyrrnefndum eiginleikum nema þéttleika ullar þar sem þau eru á meðaltali.

Ull af fé með mikil feldgæði er mjög skemmtileg viðkomu og rétt að viðhalda framleiðslu hennar með það í huga að vaxandi eftirspurn er eftir henni meðal handverksfólks. Gráfeldur er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag og skal það haft í huga áður en hann er notaður í stórum stíl.

**Litaerfðir:** Gráfeldur er arfblendinn grár, ekki er þekkt að hann gefi mórætt eða tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## FERHYRNDUR HRÚTUR

## Höfði

frá Mörtungu 2, Síðu



FFF: Hvellur 05-969.



11-909

**Lýsing:** Falllega ferhyrndur með stuttan háls en fullháar herðar. Útlögur þokkalegar. Holdfylling á baki, mölum og lærum allsæmileg. Bollengd góð og fætur sterkir.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Þelið mikið og bykkt. Togið fíngert, hrokkið en stutt.

**Reynsla:** Höfði 11-909 var fenginn á stöð sumarið 2013 til að gefa fleiri bændum tækifæri á að eignast ferhyrnda kindur svo varðveita megi þennan eiginleika í sauðfjástofninum en nokkur ár eru síðan slíkur hrútur var síðast á sæðingastöð. Erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórna af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægir að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Ferhyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnda foreldri, er ekki ferhyrnt, þá erfir hún afkvæmi sín aldrei að þessum eiginleika.

Lítil reynsla er á Höfða sem lambaföður. Hann gefur ágætlega væn lömb en bætir ekki vaxtarlag.

Engin reynsla er af dætrum hans en kynbótamat, sem er æternisspá, er um meðallag fyrir báða eiginleikana sem metnir eru. Móðir hans, 05-544 var geld veturgömul, síðan tvílembd utan eitt skipti með 5,0 afurðastig.

**Litaerfðir:** Höfði er arfblendinn hvítur, með erfðavisi fyrir mórættum lit og tvílit. Því ætti að vera hægt að fá alla liti undan honum leyfi móðurætt slíkt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

## FORYSTUHRÚTUR

## Golsi

frá Gróustöðum, Gilsfirði.



\*Freki 03-415 var albróðir Gera 03-986.

**Lýsing:** Golsi er nýr forystuhrútur á stöð, mógolsóttur að lit og hyrndur. Hann er fjögurra vetra og býr því nú þegar að nokkurri reynslu sem forystuhrútur. Golsi er hávaxinn, reistur og léttbyggður eins og forystukindur eiga að vera. Augnabragðið er hvíkt og vökt, svipurinn kjarkaður og hreyfingarnar órar en fasið greindar- og höfðinglegt. Hann virðist ljúfur og þjáll í rekstri og á húsi fara rannsakanði og athugul augu hans víða. Golsi sýnir mikla vitsmuni í mörgu tilliti en hversu veðurglöggur hann er skal ósagt látið enda reynir lítið á hana nú á tímum er vetrararbeit heyrir að mestu sögunni til. Ætla má þó að Golsi búi yfir slíkum eiginleikum eins og forfeður hans sem skynjuðu veðrabrigði svo ólíkindum þótti sæta. Hann kemur út forystufjarræktun Signýjar og Bergsveins á Gróus-



stöðum í Gilsfirði. Ræktun þeirra byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla og var hans fé að hluta ættað frá Jóni Loftssyni á Hólmavík.

Með komu Golsa á stöð ætti golsóttá litnum, sem áður var mjög áberandi hjá forystufé, að vera viðhaldið en hann hefur látið mikið undan síga í þeirri ræktun síðustu árin. Freki 03-415, faðir Golsa, var albróðir Gera sem var á stöð fyrir nokkrum árum. Rétt er að benda á að bæði móðir Golsa, Mógolta, og föðuramma, Komma, voru felldar fyrir ári síðan, þá báðar 14 vetra gamlar.

**Litaerfðir:** Undan Golsa geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann erfir einnig tvílit auk þeirra litaerfða sem eigið útlit sýnir. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**NETTEX**  
Animal Health & Management

Nettex vörur fyrir  
**sauðburðinn**

**Sendum um allt land**  
☎ 570 9800 > [www.fodur.is](http://www.fodur.is)

FB Selfossi ☎ 570 9840  
FB Hvolsvelli ☎ 570 9850  
FB Egilsstöðum ☎ 570 9860

**FÓÐURLANDAN**  
– í héraði hjá þér –





## Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.





## Hrútar 2013-14, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2013

Hyrndir				Ómmæling			Lambhrútaskoðun												Kynbótamat (BLUP)					
Númer	Nafn	Fjöldi	Pungi	Vöðvi	Fita	Lögun	Fótd.	Haus	Háls+herðar	Bringa+útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Allis	Fita	Gerð	Kjötgæði	Mjólkurlagni	Fryjósemi	Heild	Stöð 2103-14
06-807	Púki	114	48,0	27,8	3,0	3,8	111	8,0	8,1	8,5	8,4	8,6	17,3	7,8	8,0	8,2	82,9	119	105	113	106	113	111	Fallinn
06-831	Stáli	167	45,4	28,6	2,6	3,9	111	7,9	8,1	8,4	8,4	8,5	17,3	7,9	8,0	8,1	82,8	133	113	125	108	103	112	Fallinn
06-833	Grábotni	186	47,4	29,1	2,7	4,1	110	8,0	8,2	8,5	8,6	8,7	17,5	7,9	8,0	8,2	83,5	120	123	121	110	113	115	Fallinn
06-864	Prófastur	175	47,2	27,4	2,9	3,9	109	8,0	8,0	8,4	8,2	8,5	17,2	7,9	8,0	8,3	82,4	116	105	112	107	105	108	Fallinn
07-844	Jökull	78	47,4	28,9	2,8	4,0	109	8,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,1	119	127	122	98	102	107	Fallinn
07-865	Blakkur	57	46,7	28,4	3,0	4,1	110	8,0	8,2	8,5	8,4	8,5	17,3	7,9	8,0	8,0	82,8	118	114	116	110	109	112	Fallinn
07-866	Kvistur	172	47,0	29,9	2,6	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,3	116	115	116	102	106	108	Laugard.
07-867	Snær	187	46,3	29,9	2,4	4,2	111	8,0	8,1	8,3	8,6	8,5	17,4	8,0	8,0	8,3	83,2	140	111	128	108	99	112	Laugard.
07-868	Knapi	63	46,0	28,7	2,3	3,9	109	8,0	8,0	8,4	8,4	8,5	17,3	7,7	8,0	8,3	82,6	147	114	134	105	114	118	Fallinn
08-838	Borði	205	46,0	30,8	2,8	4,2	108	7,9	8,3	8,5	8,8	8,7	17,6	7,8	8,0	8,2	83,8	115	132	122	105	92	106	Fallinn
08-840	Kjarkur	390	45,5	28,8	2,9	3,9	109	8,0	8,0	8,4	8,4	8,4	17,3	7,8	8,0	8,2	82,4	120	106	114	116	112	114	Laugard.
08-869	Guffi	154	46,2	29,4	2,6	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,4	122	117	120	103	110	111	Borgarnes
08-870	Hergill	131	46,3	29,2	2,9	4,0	109	8,0	8,1	8,5	8,5	8,6	17,4	8,0	8,0	8,3	83,4	107	129	116	101	101	106	Fallinn
08-871	Þróttur	76	45,7	29,4	3,0	4,0	109	8,0	8,3	8,6	8,6	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,6	121	126	123	100	103	109	Borgarnes
08-872	Þristur	15	50,8	29,1	2,6	4,0	111	8,0	8,0	8,4	8,5	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,3	114	103	110	105	116	110	Fallinn
08-873	Tenór	190	47,4	29,7	2,5	4,0	110	8,0	8,0	8,4	8,5	8,5	17,3	7,9	8,0	8,3	82,9	140	106	126	103	116	115	Laugard.
08-901	Bósi																	110	109	110	118	121	116	Laugard.
09-874	Seiður	22	46,6	28,6	2,6	4,0	109	8,0	8,1	8,4	8,4	8,6	17,3	7,9	8,0	8,2	83,0	129	109	121	101	99	107	Fallinn
09-877	Ás	265	46,9	28,2	2,7	4,0	108	8,0	8,2	8,5	8,4	8,6	17,6	8,1	8,0	8,2	83,7	127	128	127	107	96	110	Borgarnes
09-878	Bassi	79	45,5	29,7	2,7	4,1	108	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,4	7,7	8,0	8,2	83,2	118	124	120	95	113	109	Fallinn
09-879	Gaur	459	47,2	28,2	2,6	4,0	110	8,0	8,1	8,4	8,4	8,5	17,4	7,9	8,0	8,3	83,0	132	103	120	118	107	115	Laugard.
09-880	Gumi	150	48,2	27,8	3,0	3,9	110	7,9	8,1	8,4	8,3	8,4	17,2	7,8	8,0	8,2	82,3	123	96	112	118	118	116	Borgarnes
09-881	Rafall	187	48,4	29,1	3,0	4,1	109	8,0	8,1	8,4	8,5	8,6	17,5	8,0	8,0	8,3	83,4	111	110	111	105	108	108	Laugard.
09-902	Guðni																	124	116	121	112	118	117	Borgarnes
10-875	Snævar	189	46,3	30,2	2,9	4,1	109	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,5	8,0	8,0	8,1	84,0	113	112	113	105	100	106	Borgarnes
10-883	Stakkur	94	47,1	27,3	2,8	3,9	108	8,0	8,1	8,4	8,3	8,5	17,3	7,9	8,0	8,2	82,7	140	99	124	111	107	114	Borgarnes
10-884	Grámann	218	45,7	29,7	2,7	4,0	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,3	117	117	117	111	104	111	Borgarnes
10-885	Soffi	86	47,9	28,9	2,9	3,9	110	8,0	8,0	8,4	8,5	8,4	17,1	7,9	8,0	8,3	82,5	108	100	105	105	94	101	Laugard.
10-893	Birkir	313	46,6	29,1	2,5	4,0	110	7,9	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,4	134	121	129	110	93	111	Fallinn



10-903	Hængur																	118	128	122	115	106	114	Laugard.
10-904	Kári																	132	116	126	113	113	117	Borgarnes
10-905	Myrkvi																	132	121	128	108	104	113	Laugard.
10-906	Salamon																	115	140	125	103	105	111	Borgarnes
10-907	Váli																	120	126	122	107	109	113	Laugard.
11-895	Drífandi	149	44,4	29,2	2,6	4,0	109	8,0	8,1	8,4	8,4	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,0	114	123	118	103	115	112	Laugard.
11-896	Prúður	465	45,4	28,5	2,7	4,0	108	8,0	8,2	8,4	8,4	8,5	17,4	7,8	8,0	8,2	82,8	104	121	111	103	112	109	Laugard.
11-908	Garri																	125	139	131	105	103	113	Borgarnes
11-910	Þorsti																	119	118	119	103	113	112	Borgarnes
12-911	Bekri																	125	124	125	110	107	114	Laugard.
12-912	Bursti																	116	133	123	108	98	110	Borgarnes
12-913	Skratti																	116	115	116	105	104	108	Laugard.
12-914	Vetur																	118	116	117	104	101	107	Borgarnes
12-915	Saumur																	119	131	124	102	100	109	Laugard.
<b>Meðaltal hyrndir:</b>		<b>5036</b>	<b>46,5</b>	<b>28,9</b>	<b>2,7</b>	<b>4,0</b>	<b>109</b>	<b>8,0</b>	<b>8,1</b>	<b>8,5</b>	<b>8,5</b>	<b>8,6</b>	<b>17,4</b>	<b>7,9</b>	<b>8,0</b>	<b>8,2</b>	<b>83,1</b>							
<b>Kollóttir</b>																								
07-855	Steri	226	47,5	28,7	3,0	4,0	109	7,9	8,2	8,4	8,4	8,5	17,4	8,1	8,0	8,3	83,2	102	123	110	114	100	108	Laugard.
08-856	Brjänn	47	48,7	27,5	3,0	3,8	111	7,9	8,1	8,4	8,2	8,4	17,3	8,2	8,0	8,3	82,8	119	108	115	96	108	106	Borgarnes
08-858	Forði	89	49,8	27,6	3,1	3,8	111	7,9	8,1	8,3	8,2	8,4	17,2	8,3	8,0	8,2	82,7	126	98	115	105	114	111	Fallinn
08-859	Ljúfur	79	47,6	28,4	3,4	3,9	110	7,9	8,1	8,3	8,3	8,4	17,2	8,3	8,0	8,2	82,7	124	100	114	110	107	110	Fallinn
09-860	Sigurfari	55	49,3	27,2	3,3	3,7	111	7,8	8,2	8,5	8,3	8,6	17,4	8,0	8,0	8,2	83,1	111	113	112	101	106	106	Borgarnes
09-861	Dalur	34	49,9	28,8	2,9	3,6	111	7,9	8,1	8,4	8,2	8,5	17,3	8,2	8,0	8,3	82,9	140	95	122	110	106	113	Borgarnes
09-887	Höttur	97	47,4	27,4	3,2	3,7	111	7,9	8,1	8,3	8,1	8,4	17,3	7,9	8,0	8,3	82,3	111	114	112	101	111	108	Laugard.
09-888	Glæsir	142	47,6	27,6	2,9	3,8	111	7,9	8,1	8,3	8,1	8,4	17,2	8,0	8,0	8,3	82,2	127	108	119	111	104	111	Fallinn
09-891	Strengur	182	50,0	27,7	3,3	3,8	110	7,9	8,2	8,4	8,3	8,5	17,4	8,3	8,0	8,3	83,3	115	108	112	117	101	110	Laugard.
09-892	Dolli	156	48,9	27,6	2,8	3,7	111	7,9	8,0	8,3	8,2	8,4	17,1	8,3	8,0	8,2	82,3	139	92	120	113	135	123	Laugard.
10-862	Svali	80	46,4	29,4	2,9	4,0	108	8,0	8,3	8,4	8,5	8,6	17,5	8,4	7,9	8,2	83,7	118	121	119	104	114	112	Fallinn
10-889	Baugur	39	49,6	29,9	3,0	4,0	110	8,0	8,4	8,5	8,7	8,7	17,6	8,4	8,0	8,3	84,4	129	114	123	105	98	109	Borgarnes
10-890	Kroppur	223	47,6	29,0	3,3	4,0	110	7,9	8,3	8,4	8,5	8,6	17,5	8,2	8,0	8,2	83,7	115	118	116	104	100	107	Borgarnes
10-897	Roði																	118	126	121	108	100	110	Borgarnes
11-898	Fjalli																	89	131	106	100	99	102	Laugard.
11-899	Rosi																	114	109	112	111	98	107	Borgarnes
11-900	Robbi																	115	125	119	112	102	111	Laugard.
<b>Meðaltal kollóttir:</b>		<b>1449</b>	<b>48,3</b>	<b>28,2</b>	<b>3,1</b>	<b>3,8</b>	<b>110</b>	<b>7,9</b>	<b>8,2</b>	<b>8,4</b>	<b>8,3</b>	<b>8,5</b>	<b>17,3</b>	<b>8,2</b>	<b>8,0</b>	<b>8,3</b>	<b>83,0</b>							
<b>Meðaltal allir:</b>		<b>6485</b>	<b>46,9</b>	<b>28,7</b>	<b>2,8</b>	<b>4,0</b>	<b>109</b>	<b>8,0</b>	<b>8,1</b>	<b>8,4</b>	<b>8,4</b>	<b>8,5</b>	<b>17,4</b>	<b>7,9</b>	<b>8,0</b>	<b>8,2</b>	<b>83,1</b>							



## SAUÐFJÁRBÆNDUR

Kjötafurðastöð KS og Sláturhús KVH ehf reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárbændum með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt viðskiptin í haust!

Kjötafurðastöð KS, Sauðárkróki  
Sláturhús KVH ehf, Hvammstanga



Eyravegi 20 · 550 Sauðárkróki · [www.ks.is](http://www.ks.is)



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 | 530 Hvammstanga | [www.skvh.is](http://www.skvh.is)

**TRS**  
**PENNING**  
Við þjónustum þig!  
Eyravegi 37, 800 Selfoss. Sími: 480 3300  
[www.trs.is](http://www.trs.is), [trs@trs.is](mailto:trs@trs.is)



# Guffi


frá Garði, Pistilfirði.



MMF: Flotti 98-850, MFF: Gári 02-904.



	Guffi 08-869	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	174	154
	Pungi	48,4	46,2
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,4	17,4
	Ull	7,9	7,8
	Ómvöðvi	30,2	29,4
	Ómfita	3,0	2,6
Lögun	4,0	4,1	



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með þróttlegan og svipfríðan haus. Herðar heldur í hærra lagi en ákaflega vel fylltar. Útlögur fremur góðar. Bak þykkt og sterkt. Breiðar og þrýðisvel fylltar malir, mjög góð lærahold. Fætur sterklegir. Bollangur og mjög sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur í hnakka og á fótum. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu

meðallagi og þelið þykkt. Togið nokkuð jafnt og fremur fíngert.

**Reynsla:** Guffi 08-869 kom til notkunar á sæðingastöð haustið 2011 að lokinni afkvæmarannsókn í Norður-Pingeyjarsýslu. Þar hafði hann gefið þroskamikil og vel gerð lömb sem jafnframt höfðu fremur litla fitu. Þessir eiginleikar hafa síðan komið skýrt í ljós við skoðun afkvæma hans um allt land síðustu tvö haust. Hann átti víða veturgamla syni sem skiluðu góðum lömbum haustið 2013. Guffi er því sterkur kjötgæðahrútur.

Talsverð reynsla er komin á dætur Guffa. Þær eru frjósamar og góðar afurðær. Guffi hefur vaxið sem kynbótahrútur frá því hann kom á stöð fyrir tveimur árum og er einn af mest spennandi valkostum stöðvanna sem sauðfjársæmdum stendur til boða nú í vetur og vænta má mikils af honum á komandi árum.

**Litaerfðir:** Guffi er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórauðan lit en gefur tvílit – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2008-44-106-37/2,5/4,5(H)-8,0-8,0-8,0-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=83,0 stig



## Bækurnar Byggðir Borgarfjarðar

Til sölu eru bækurnar Byggðir Borgarfjarðar I-IV bindi. Ábúendatal, byggðalýsing, myndir af býlum og ábúendum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ásamt búnaðarsögu héraðsins.

Tilvaldar afmælis- eða jólagjafir

Öll 4 bindin  
Stakar bækur

kr. 5.000  
kr. 1.500 stk

SENDUM Í PÓSTKRÖFU  
Pantanasími 437 1215 eða netfang [ihj@bondi.is](mailto:ihj@bondi.is)

Búnaðarsamtök Vesturlands  
Hvanneyrargötu 3. Hvanneyri Sími 437 1215


# Próttur

frá Fremri-Hlíð, Vopnafirði.



MMFF: Ljóri 95-828.

	Próttur 08-871	2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	50	76
	Pungi	47,3	45,7
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,6	17,5
	Ull	7,6	7,8
	Ómvoðvi	29,5	29,4
	Ómfiti	3,1	3,0
	Lögun	4,1	4,0



**Lýsing:** Hvítur, mjög krapphyrndur með sterklegan og hörkulegan haus. Breiðar og vel fylltar herðar, mjög hvelfdur bolur. Sterkt, breitt og mjög þykkt bak. Langar, ákaflega vel vöðvaðar malir og frábær lærahold. Fætur sterklegir. Bollangur og fasmikill hrútur.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum, mikið af gulum hárum í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þelið þykkt. Togmagn í meðallagi, togid fremur gróft en hrokkið.



08-871

**Reynsla:** Próttur 08-871 kom á stöð sumarið 2011 að fenginni góðri reynslu heima í Fremri-Hlíð þar sem hann hefur reynst yfirburða kjötgæðagripur. Hann er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Illa gekk að ná sæði úr honum vegna „karakter“-einkenna hans, fyrsta árið sem hann var í notkun en betur síðasta vetur og kom allstór hópur sona hans til skoðunar haustið 2013. Þeir staðfestu kosti hans m.t.t. kjötgæða og var margt glæsigrípa sem kom fram undan honum. Próttur hefur jafnframt heldur styrkt stöðu sína sem ærfaðir. Dætur hans eru vel í meðallagi frjósamar og góðar afurðaðar og eru mjög móttandi í ræktun stofnsins heima í Fremri-Hlíð. Próttur er því góður alhliða kynbótahrútur.


**Litaerfðir:** Próttur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2008-48-113-33/5,0/4,5(H)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=86,5 stíg


# Ás

frá Skriðu, Hörgárdal.



FFFF og MFFF: Spakur 00-909.

	Ás 09-877	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	265
	Pungi	46,9
	Fótleggur	108
	Læri	17,6
	Ull	8,1
	Ómvoðvi	28,2
	Ómfiti	2,7
	Lögun	4,0



**Lýsing:** Hvítur, svipmikill með þróttlegan haus, vel hyrndur. Stuttur háls, breiðar og vel fylltar herðar. Breið bringa og miklar útlögur. Sterkt og vel fyllt bak, malir í meðallagi langar en gríðarlega vöðva-fylltar, lærahold feiknamikil. Fótstaða góð. Samanrekin og frísklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Örlítið gult á fótum en ekki fundust gul hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel jafnt og þykkt. Togið stutt í baki og fremur lítið en fínt.



09-877

**Reynsla:** Ás 09-877 kom til notkunar á sæðingastöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu á heimaslóð. Auk þess er hann talsvert fjarskyldur megin hrútalínunum sem verið hafa á stöðvunum undanfarnin ár. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og stór hópur sona hans kom til skoðunar um allt land í haust. Ás er mjög kynfastur og afkvæmi hans lík í útliti. Jafnframt eru þetta miklar glæsikindur, lágfættar og vel gerðar með mikil mala- og lærahold en bakvöðvamæling þeirra oft á tíðum breytileg. Af afkvæmum nýrra hundra hrúta á stöð síðasta vetur hafa afkvæmi Áss flest heildarstig að meðaltali. Ás er því einn af „stjórnuhrútum“ haustsins.

Jafnframt er vaxandi reynsla komin á Ás sem ærföður. Kynbótamat hans segir að dætur hans séu heldur undir meðaltali í frjósemi en þær verði góðar afurðaðar. Kynbótamat hans fyrir frjósemi þarf þó að túlka með það í huga að Ás á dætur víða í Hörgársveit og oft 1-2 dætur í mjög litlum hjörðum. Stærri afkvæmahópur um allt land næsta vor mun varpa betra ljósi á þennan eiginleika en dætur hans heima í Skriðu hafa bæði verið frjósamar og góðar afurðaðar.


**Litaerfðir:** Ás er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2009-50-111-27/3,5/4,5(H)-8,0-8,5-9,0-8,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=86,0 stíg


# Gumi

frá Borgarfelli, Skaftártungu.



MFF: Mólur 95-812.

	Gumi 09-880	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	150
	Pungi	48,2
	Fótleggur	110
	Læri	17,2
	Ull	7,8
LAMBHRÚTASKODUN	Ómvoðvi	27,8
	Ómfita	3,0
	Lögun	3,9



**Lýsing:** Mórauður, fallega fínhyrndur hrútur með svipmikinn haus. Stuttur háls og fylling um herðar í tæpu meðallagi. Fremur góðar útlögur. Sterkt og vöðvafyllt bak, malir vel lagaðar og vöðvaðar og vel fylltur lærvöðvi. Bollangur hrútur með góða fótstöðu.

**Ullarlýsing:** Jafn og góður mórauður litur. Pelið er mikið, jafnt og þykkt en togði fremur stutt og fínt.



09-880

**Reynsla:** Gumi 09-880 var annar tveggja mórauðra hrúta sem komu á sæðingastöð sumarið 2012. Hann fékk mjög mikla notkun fyrsta árið sitt á stöð og stór hópur sona hans kom til skoðunar um allt land í haust. Afkvæmi hans eru þroskamikil en heilt yfir ekki til þess fallin að bæta vaxtarlag. Þannig var afkvæmahópur Guma sá sem hafði lægst heildarstig að meðaltali meðal hyrndu hrútanna síðasta haust. Þó komu fram lömb sem voru virkilega vel gerð og hægt að fá slík lömb með því að velja vel gerðar ær á móti honum. Gumi býr hins vegar yfir öðrum mikilsverðum eiginleikum sem mæla mjög með notkun hans en það eru dætraeiginleikar. Dætur hans eru mjög frjósamar ásamt því að vera afbragðs afurðær.

**Litaerfðir:** Þar sem Gumi er mórauður má vænta allra grunnlita hjá afkvæmum hans, leyfi móðurætt slíkt. Í hrútaskrá síðasta árs var talið að hann gæfi tvílit en m.v. litaskráningar í gagnagrunna voru 2013 má fullyrða að svo er ekki.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2009-52-109-33/2,9/5,0(H)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,0-8,5-8,0-8,5=84,5 stig

# Guðni

frá Mýrum 2, Hrutafirði.



**Lýsing:** Hvítur, gleiðhyrndur með sveran og þróttlegan haus. Herðar fullháar en útlögur góðar. Sterkt, nokkuð breitt bak, breiðar malir með góðri fyllingu. Góð lærahold. Fótstaða sterkleg.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus og fótum. Aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið meðalgróft en fremur stutt.

**Reynsla:** Guðni 09-902 var fenginn á stöð sumarið 2013 á grunni glæsilegrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Mýrum 2 auk þess sem fyrstu vísbendingar um dætur hans eru mjög jákvæðar. Í afkvæmarannsókn haustið 2012 stóð afkvæmahópur Guðna efstur af



09-902

nítján hópum þar sem afkvæmi hans komu vel út í báðum þáttum rannsóknarinnar. Meðalbakvöðvi afkvæma hans var 29,2 mm og meðalstig fyrir læri 17,5. Meðaltal rannsóknarinnar var 27,7 mm fyrir bakvöðva og 17,1 stig fyrir læri. Fallþungi sláturlambanna undan Guðna var 17,7 kg að jafnaði, einkunn fyrir gerð 9,4 og fitu 6,6. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,4 kg fallþungi, gerð 9,5 og fita 7,2. Guðni stendur því fyrir ágæta kjötgæðaeiginleika.

Móðir Guðna, 06-736, hefur reynst góð afurðær, einlembd veturgömul og einu sinni eftir það, tvisvar tvílembd, annars þrílembd með 6,7 afurðastig. Kynbótamat Guðna fyrir dætraeiginleika er honum hafgengt og fyrstu vísbendingar um dætur hans lofa góðu. Þær hafa sýnt frjösemi talsvert yfir búsméðaltali og voru með 5,3 afurðastig að jafnaði nú í haust.

**Litaerfðir:** Guðni er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.


**Mál og stigun:**

2009-50-112-29/3,2/3,5(S)-8,0-8,0-9,0-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig




# Snævar

frá Hesti, Borgarfirði.



MFF: Bjálki 06-995, MFMF: Eldar 01-922, MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Lækur 97-843.

	Snævar 10-875	2012	2013
LAMBHÚTASKODUN	Fjöldi	341	189
	Pungi	46,0	46,3
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,5	17,5
LAMBHÚTASKODUN	Ull	8,0	8,0
	Ómvöðvi	31,1	30,2
	Ómfita	3,2	2,9
	Lögun	4,1	4,1



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur með fríðan haus. Breiðar og vel fylltar herðar, miklar útlögur. Sterkt, breitt og holdfyllt bak. Breiðar og ákaflega vel vöðvafylltar malir. Mjög öflug lærahold. Sterkir fætur. Snotur og prúður hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Hrein-hvítur, fremur ullarmikill. Þelið þykkt, togíð í meðallagi og fremur fingert. Jafnt ullarfar.

**Mál og stígun:**



10-875

**Reynsla:** Snævar 10-875 kom til notkunar á sæðingastöð haustið 2011 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti það ár. Þar kom í ljós að stærsti kostur hans er hve afkvæmi hans mælast með þykkun bakvöðva líkt og hann á kyn til sem sonur Fannars 07-808. Þessi eiginleiki hefur svo komið skýrt fram í afkvæmum Snævars um allt land síðustu tvö haust, en hann hefur verið mikið notaður bæði árin sem hann hefur verið á stöð. Talsverður breytileiki er þó í gerð afkvæma hans þrátt fyrir að þau hafi hvað hæst heildarstig af afkvæmahópum stöðvahrúttanna líkt og kynbótamat hans fyrir kjötgæði gefur til kynna. Sama má segja um syni hans sem víða voru í notkun síðasta vetur. Þó komu fram nokkrir athyglisverðir synir hans vítt um land haustið 2013.

Talsverð reynsla er fengin á Snævar sem ærföður. Dætur hans eru um meðaltal í frjósemi og vísbendingar eru um að þær verði miklar afurðaðar. Snævar er því góður alhliða kynbótahrútur.

**Litaerfðir:** Snævar er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2010-47-107-35/3,5/4,5(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=87,5 stig

# Stakkur

frá Kirkjubóli, Dýrafirði.



MFF: Lundi 03-945.

	Stakkur 10-883	2013
LAMBHÚTASKODUN	Fjöldi	94
	Pungi	47,1
	Fótleggur	108
	Læri	17,3
LAMBHÚTASKODUN	Ull	7,9
	Ómvöðvi	27,3
	Ómfita	2,8
	Lögun	3,9



**Lýsing:** Hvítur, sver- og krapphyrndur með svipmikinn haus. Hálsinn þykkur, kúptar örlítið háar herðar með góða vöðvafyllingu. Bringan breið og bolur sívalur. Bakið breitt og vöðvafyllt, malir breiðar og prýðisvel fylltar. Lær-vöðvinn feiknaþykkur og mikill. Sterkir fætur. Bollangur og friskur hrútur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum og í hnakka en ekki gulur á bol. Ullarmagn í tæpu

**Mál og stígun:**



10-883

meðallagi, þelið frekar fínt. Togið í meðallagi jafnt en nokkuð gróft.

**Reynsla:** Stakkur 10-883 kom á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu heima á Kirkjubóli. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur. Illa gekk með hann í sæðistöku og ekki var sent út sæði úr honum alla daga sökum slakra sæðisgæða. Það sem fór í dreifingu sýndi þó ágæta útkomu og því var ákveðið að bjóða sæði úr honum aftur þennan vetur. Allstór hópur hrútlamba kom til skoðunar undan honum og voru það þroskamikil en fitulítill lömb. Gerð þeirra var hins vegar mjög breytileg og mældist bakvöðvi þeirra talsvert undir meðallagi. Engu að síður saust úrvals einstaklingar undan honum. Stakk ætti aðeins að nota þar sem vænleiki dilka er mikill og leitast ætti við að velja undir hann vel byggðar ær. Stakkur hentar mjög vel þar sem mikil fita hefur verið vandamál.

Enn er lítil reynsla komin á dætur Stakks, þar sem hópurinn er enn smár og þær allar heima á Kirkjubóli. Kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er hagfellt og dætur hans hafa bæði verið frjósamar og góðar afurðaðar.

**Litaerfðir:** Stakkur er arfhreinn hvítur.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2010-50-106-32/3,1/4,0(H)-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-8,0-8,0-8,5=84,5 stig

# Grámann

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.

Ætt:



10-884

	Grámann 10-884	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	218
	Pungi	45,7
	Fótleggur	109
	Læri	17,4
	Ull	7,8
	Ómvoðvi	29,7
	Ómfita	2,7
Lögun	4,0	

**Lýsing:** Grábotnóttur, vel hyrndur með svipfríðan haus. Herðar í meðallagi breiðar en vel fylltar. Útlögur góðar. Sterkt og holdgróið bak, ágætlega fylltar malir og mjög góð lærahold. Fætur réttir. Jafnvaxinn, bollangur og fallegur hrútur á velli.


**Ullarlýsing:** Grái liturinn mjög ljós. Ullin mikil og þelið þykkt og mikið.

Togið frekar stutt ofantil en lengra og grófara í síðum.

**Reynsla:** Grámann 10-884 kom á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu á heimabúi. Hann fékk mikla notkun fyrsta árið sitt á stöð og til skoðunar haustið 2013 kom stór hópur afkvæma hans. Þau voru aðeins undir meðaltali hvað vænleika snerti en þau hafa góðan bakvöðva og eru hóflega feit og vel gerð, mörg hver með afbragðs mala- og lærahold. Kjöttgæðaeiginleikar Grámanns eru því óumdeildir. Lítil reynsla er fengin á hann sem ærföður en kynbótamat hans er honum hagfellt. Það segir að dætur hans verði bæði góðar afurðaðar og ágætlega frjósamar. Stærri dætrahópur um allt land mun varpa betra ljósi á hvort sú verður raunin árið 2014.

**Litaerfðir:** Grámann er arfblendinn fyrir gráum og botnóttum lit í A-sæti. Jafnframt hefur hann erfðavísi fyrir tvílit og mórauðum lit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.



Mál og stígun:


2010-48-111-33/3,0/4,5(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig

# Kári


frá Ásgarði, Hvammssveit.

(kevptur frá Valdasteinsstöðum, Hrótafirði)

Ætt:



MMF: Sjóður 07-846, MMFF: Svaði 94-998; MMMF: Gosi 91-945.



**Lýsing:** Hvítur, með sveran sterklegan haus og vel hyrndur. Órlítið háar herðar, hvelfdur bolur og miklar útlögur. Bakið breitt og vel fyllt. Malir breiðar og vel fylltar. Prýðisgóð lærahold þar sem vöðvi fyllir vel í krikann. Sterkir og góðir fætur. Bollangur og myndarlegur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum. Svört doppa á baki, aðeins um svört háir í kring. Ullarmikill. Þelið mjög þykkt. Togið stutt en þökkalega fint.

**Reynsla:** Kári 10-904 (áður Rosti) kom á stöð sumarið 2013 á grunni jákvæðrar reynslu af honum sem lambaföður á Valdasteinsstöðum þangað sem hann var seldur sem lamb. Þar hefur hann skilað þroskamiklum og vel gerðum lömbum með litla fitu. Haustið 2012 voru



10-904

sláturlömb undan honum með 17,8 kg fallþunga að jafnaði með 9,8 í gerð og 6,6 í fitu. Búsmeðaltalið var 16,9 kg fallþungi, gerðin 8,9 og fitan 6,6. Veturgamall sonur hans, Valdur 12-095, skilaði góðum niðurstöðum í Skálholtsvík nú í haust.

Kynbótamat Kára fyrir dætraeiginleika er honum hagfellt en í matinu fyrir frjósemi gætir þó áhrifa frá skyldum gripum hans sem bera Þokugen. Kári hefur verið DNA-greindur m.t.t. þess og ber ekki slíkan frjósemiserfðavísi. Engu að síður eru fyrstu upplýsingar um dætur hans góðar en 11 af 18 veturgömlum dætrum hans voru tvílembdar vorið 2013, hinar átta allar eitt lamb og tveggja vetra ærnar voru allar tvílembdar. Margar veturgömlu ána gengu með tvö lömb sumarið 2013 og réðu vel við það. Dætur hans voru með 4,8 afurðastig að meðaltali nú í haust.

Móðir hans, 04-122, var farsæl afurðaðar, ætíð tvílembd eftir gemlingsárið og með 8,2 afurðastig.

**Litaerfðir:** Kári er arfblendinn hvítur, erfir líklega ekki mórautt og ekki tvílit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

Mál og stígun:


2010-44-112-27/1,4/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=83,5 stig




# Salamon

frá Hömrum, Grundarfirði.  
(keyptur frá Syðri-Bægisá, Öxnadal)

Ætt:



MMF:, MFFF: og MFMF: Lækur 02-031 sonur Læks 97-843.



**Lýsing:** Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Herðar aðeins þröngar og háar. Bringan breið og útlögur góðar. Bakið sterkt og átaksgott. Malir vel lagaðar með ágæta vöðvafyllingu og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð.

**Ullarlýsing:** Hélusvartur. Allmikið um grá hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Reyfið nokkuð jafnt en styttra í baki. Togið meðalgróft.

**Reynsla:** Salamon 10-906 kom á stöð sumarið 2013 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á Syðri-Bægisá í Öxnadal, þangað sem hann var seldur sem lamb. Hann kemur úr ræktun Bárðar og



10-906

Dóru í Grundarfirði en í móðurætt hans eru margir gripir ættaðir frá Mávahlið en þaðan komu margir hrútar á sæðingastöð á árum áður. Salamon hefur undanfarin ár skilað mjög glæsilegum niðurstöðum í lambahópnum á Syðri-Bægisá. Haustið 2011 var fallþungi afkvæma hans 19,0 kg að jafnaði með 12,0 í einkunn fyrir gerð og 8,2 fyrir fitu. Búsmeðaltal sama ár var 18,8 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 8,1. Kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er yfir meðaltali fyrir báða eiginleikana. Dætur hans heima á Syðri-Bægisá sýndu frjósemi aðeins yfir búsmeðaltali vorið 2013 og voru með 5,6 afurðastig að jafnaði í haust.

Móðir Salamons, Bomba 09-045, átti Salamon sem gemlingur og hefur síðan verið þrisvar tvílembd með 5,4 afurðastig.

**Litaerfdir:** Salamon er svartur, hefur erfðavísi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stigun:**

2010-45-107-31/2,2/4,5(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig


# Garri

frá Stóra-Vatnshorni, Haukadæl.

Ætt:



MFF: Kuldi 03-924.



**Lýsing:** Hvítur, mjög vel hyrndur með þróttlegan og svipmikinn haus. Háls stuttur og herðar vel fylltar. Bringan breið og útlögur miklar. Breitt bak með þykkum vöðva. Malir feikilega vel holdfylltar. Þykkur, kúptur og mikill lærvöðvi. Garri er örllítið útskeifur á öðrum framfæti. Frísklegur hrútur og glæsilegur á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum, aðeins gult í reyfi. Mjög ullarmikill, reyfið þykkt og jafnt. Tog í meðallagi langt og fremur fínt. Pelið mjög mikið og þykkt.

**Reynsla:** Garri 11-908 (áður Rosti), kom á stöð sumarið 2013 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Stóra-Vatnshorni. Hann vakti fyrst athygli á héraðssýningu lambhrúta í Dalasýslu þar



11-908

sem hann endaði í þriðja sæti. Afí hans, 05-005, varð héraðsmeistari í Dalasýslu á sínum tíma. Haustið 2012 skilaði Garri gríðarstórum en jafnframt stórglæsilegum afkvæmahóp. Hann var notaður á rúmlega áttatíu ær fyrsta árið og var með mest notuðu hrútum í einkaeigu það ár. Afkvæmahópur hans í haust var ekki síðri. Hann átti afgerandi besta afkvæmahópinn við mælingar lifandi lamba og hátt í 100 sláturlömb skiluðu að jafnaði 17,2 kg fallþunga með 10,8 í gerð og 6,6 í fitu. Búsmeðaltalið var 17,2 kg fallþungi, gerð 9,8 og fita 7,1. Garri er því úrvals kjötgæðakind og héraðsmeistarinn á lambhrútasýningu í Dalasýslu í ár var sonur hans.

Vegna aldurs er enn lítil reynsla fengin á Garra sem ærföður en kynbótamat hans er yfir meðallagi fyrir bæði frjósemi og mjólkurlagni. Dætur hans sem áttu lamb vorið 2013 voru um meðaltal í frjósemi og skiluðu góðum lömbum nú í haust.

Móðir Garra, 07-733, átti eitt lamb veturgömul, síðan ætíð tvílembd með 5,8 afurðastig.

**Litaerfdir:** Garri er arfhreinn hvítur.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2011-49-106-34/2,6/4,5(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stig

# Þorsti

frá Múlakoti, Lundarreykjadal.



MMFF: Áll 00-868, MMMF: Moli 93-986.



**Lýsing:** Hvítur, hyrndur, svipfríður með gott hornalag. Herðar aðeins grófar en útlögur góðar. Bakið sterkt með hörðum holdum. Malir vel vöðvafylltar, lærvöðvinn kúptur og vel lagaður. Fætur sterkir og réttir.

Harðholda og þrúð kind á velli.

**Ullarlýsing:** Fölgulur í hnacka og á fótum. Töluvert um gul hár í reyfi. Fremur ullarmikill. Þelið allþykkt. Togið mikið, langt og gróft.

**Reynsla:** Þorsti 11-910 kom á stöð sumarið 2013 á grunni góðar reynslu af honum sem lambaföður víða í Borgarfirði. Hann vakti athygli fyrir glæsileika sinn sem lamb á hrútasýningu. Haustið 2012 átti hann stóra afkvæmahópa bæði á Kjalvararstöðum og Kóparyrkjum í Reykholtssdal og í ár var stærsti afkvæmahópur hans í Bakkakoti í



Stafholtstungum. Afkvæmi hans eru þroskamikil, harðholda og með litla fitu. Undan honum hafa komið margir yfirburða einstaklingar, t.d. var hann faðir margra af efstu hrútunum á hrútasýningum á Hesti og í Stafholtstungum nú í haust. Sláturlömb undan honum í Bakkakoti nú í haust gáfu 16,4 kg fall að jafnaði, með 9,8 í gerð og 6,1 í fitu. Búsmeðaltalið er 15,5 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,2 og 5,9 fyrir fitu. Kjötgæðaeiginleikar Þorsta eru óumdeildir.

Kynbótamat hans fyrir eiginleika dætra er yfir meðaltali fyrir bæði frjósemi og mjókurlagni. Fyrstu vísbendingar lofa góðu en hátt í 40 veturgamlar dætur hans sýndu frjósemi aðeins yfir meðallagi vorið 2013 og voru með 5,2 afurðastig að jafnaði um haustið.

Móðir Þorsta, 05-056, er fædd á Hesti en var seld að Múlakoti árið 2010. Hún átti eitt lamb veturgömul og tvisvar eftir það en hefur annars verið tvílembd með 5,1 afurðastig.

**Litaerfðir:** Þorsti er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórauðan lit og líklega ekki tvílit.


**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2011-57-112-34/4,5/5,0(S)8,0-8,5-9,0-9,5-9,5-19,0-7,5-8,0-8,5=87,5 stig


# Bursti

frá Hesti, Borgarfirði.



\*07-617 er sammæðra Bekra 12-911.

FFFF: Borði 08-838, FFMF: Busi 03-946, MMMF: Náli 98-870.



**Lýsing:** Hvítur, krapp-hyrndur með sveran haus. Ágæt frambygging. Þrýðileg vöðvafylling í baki og malir mjög vel fylltar. Lærahald góð. Örlítil slaki í kjúkum á framfótum. Bollengd í meðallagi.

**Ullarlýsing:** Fölgulur á fótum, lítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Þelið nokkuð þykkt og jafnt. Togið stutt en í meðallagi fint.

**Reynsla:** Bursti 12-912 er einn af fjórum hrútum sem komu á sæðingastöð frá fjárræktarbuinu á Hesti að lokinni afkvæmarannsókn haustið 2013. Bursti vakti athygli fyrir glæsileika strax sem lambhrútur en hann var meðal bestu hrútlamba sem skoðuð voru á Vesturlandi



haustið 2012. Aðalsmerki Bursta í rannsókninni á Hesti voru góðir kjötgæðaeiginleikar hjá afkvæmum hans, hversu vel þau sameinuðu að vera holdgóð og með litla fitu. Þau voru með þykkasta bakvöðvann eða 30,2 mm að jafnaði en meðaltal rannsóknarinnar var 28,3 mm. Fallþungi tvílembingshrútanna var 15,9 kg, gerð 9,8 og fita 5,0. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,4 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,2.

Móðir Bursta, 10-006, er efnileg afurðær, átti eitt lamb sem gemlingur og hefur síðan tvisvar verið tvílembd og er með 9,1 afurðastig. Flóki 08-363, afi hans, hefur reynst góður ærfaðir. Vegna aldurs Bursta er BLUP-matið á afurðaeiginleikum dætra hans að öllu byggt á ætterni. Það segir að dætur Bursta verði í meðallagi frjósamar en góðar afurðær.

**Litaerfðir:** Bursti er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2012-50-109-36/4,0/4,5(S)-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stig




# Vetur

frá Hesti, Borgarfirði.



MFF: Bjálki 06-995, FMFF: Kveikur 05-965, FMMF: Kuldi 03-924, MMFF: Gaddur 04-950, MMMF: Lóði 00-871.



**Lýsing:** Hvítur, vel hryndur með stuttan, svipfríðan haus. Herðar heldur háar og vantar aðeins í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og breitt með þökkalegu átaki. Malir vel lagaðar með góða vöðvafyllingu. Prýðilega löguð læri.

Bollengd góð. Fætur réttir og sterkir. Gæfur og skemmtilegur í umgengni.

**Ullarlýsing:** Gulur á haus, fótum og dindli. Mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mikið en stutt í baki, fremur gróft. Pelið þökkalega þykkt en jafnt.

**Reynsla:** Vetur 12-914 er einn fjögurra hrúta sem teknir voru á stöð að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2013. Hann var sá hrútur sem skilaði mestum vænleika í rannsókninni og kjötmat afkvæma hans var hagstætt líkt og Hestshrútar hafa löngum verið þekktir fyrir. Fallþungi tvílembingshrútanna var 16,1 kg, gerð 9,8 og fita 5,4. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,4 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,2. Bakvöðvi afkvæma hans mældist rétt um meðallag og lærahold sona hans voru góð. Faðir hans, Skæmir 11-660, var öflugasti hrútur Hestbúsins haustið 2012 m.t.t. kjötgæðaeiginleika.

Móðir Veturs, Skemmd 08-737, átti eitt lamb sem gemlingur og hefur ætíð verið tvílembd síðan með 5,9 afurðastig. Vegna aldurs er BLUP-matið á afurðaeiginleikum dætra hans að öllu leyti byggt á ætterni, en það segir að dætur hans verði í meðallagi frjósamar og góðar afurðaðær.

**Litaerfdir:** Vetur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stígun:** 2012-46-110-29/2,6/4,5(S)-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=83,5 stig

limtrevirnet.is



## Landbúnaður og hestasport

hesthús, reiðhallir, fjárhús, fjós og fleiri gerðir landbúnaðarbygginga

vönduð hús - stuttur afgreiðslufrestur

 **Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur  
Netfang - sala@limtrevirnet.is

# Fyrir sauðfé

Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum


## Margar tegundir bryningartækja



## Hrútabelti og litir fyrir fengitímann



## Ormalyfs- og bólusetningasprautur



## Landsins mesta úrval af rúningsvörum



## Margar gerðir af klaufsnyrtiklippum



## Allt fyrir smalahundinn! Fóður, bækur, myndbönd, flautur og fleira.





## KOLLÓTTIR HRÚTAR

## Brjánn

frá Melum 1, Árneshreppi.



08-856

MMMF: Hnykkur 95-875.

Brjánn 08-856		2012	2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	17	47
	Þungi	48,9	48,7
	Fótleggur	111	111
	Læri	17,4	17,3
	Ull	8,2	8,2
	Ómvöðvi	28,2	27,5
	Ómfita	3,3	3,0
	Lögun	3,9	3,8

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með myndarlegan haus. Stuttur og sver háls, kúptar og vel fylltar herðar. Víður og mikill brjóstkassi. Sterkt og vel holdfyllt bak. Mjög góð vöðvafylling á mölum og mjög góð lærahold. Sterklegir fætur. Ákaflega gæfur og bollangur hrútur.


**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og dindli en mjög lítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Þelið ekki þykkt en togið langt og gróft í lærum og síðum.

**Reynsla:** Brjánn 08-856 kom til notkunar á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2011 og er því að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Talsverður hópur hrúta hefur komið til skoðunar undan honum síðustu tvö haust og þar hefur mátt finna nokkra kostagripa en þetta eru yfirleitt þroskamikil lömb og afbragðsvel gerð. Örfáir veturgamlir synir hans sýndu afbragðs útkomu í haust á þeim búum þar sem þeir voru í notkun og virðist vænleiki skila sér vel áfram hjá þeim.

Nokkur reynsla er einnig komin á dætur Brjáns sem eru ágætar ær. Í kynbótamatinu glímur Brjánn enn við nokkra fortíðardrauga í ættartrénu sökum þess hve afkvæmahópur hans er enn lítil. Viðbótarupplýsingar um frjósemi styrktu þó heldur stöðu hans vorið 2013 og dætur hans hafa skilað góðum afurðum. Brjánn er því góður alhlíðahrútur sem bændur ættu að nota meira en undanfarin tvö ár.

**Litaerfðir:** Brjánn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



Mál og stigun:

2008-45-111-27/3,1/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=83,5 stig



**Búvís**  
**ÁBURÐUR**

[www.buvis.is](http://www.buvis.is)  
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUÐ OG GÆÐI  
VELDU BÆÐI

*Gæða áburður*  
á *góðu verði*




**Búvís**  
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | [www.buvis.is](http://www.buvis.is)


# Sigurfari

frá Smáhömrum, Steingrímsfirði.



FFF: Sómi 02-972, MMF: Kóngsson 04-982.

Sigurfari 09-860		2012	2013
LAMBHRÚTASKÖBUN	Fjöldi	214	55
	Pungi	48,8	49,3
	Fótleggur	109	111
	Læri	17,5	17,4
	Ull	8,1	8,0
	Ómvöðvi	28,7	27,3
	Ómfita	3,7	3,3
Lögun	3,8	3,7	



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með stuttan, sveran og þróttlegan haus. Herðarnar eru kúptar, breiðar og vel fylltar. Útlögur miklar. Bakið breitt og ákaflega vel holdfyllt. Malir mjög vel vöðvafylltar og lærahold mjög góð. Sterklegir fætur. Ákaflega jafnvaxinn, holdþéttur og þrúður hrútur á velli.



09-860

**Ullarlýsing:** Bjartleitur en aðeins gult í reyfi. Ullarmikill, þelið þykkt en togið stutt og fremur fínt.

**Reynsla:** Sigurfari 09-860 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur verið talsvert notaður bæði árin og stór hópur sona hans komið til skoðunar um allt land. Afkvæmi hans eru þroskamikil og vel gerð, bakvöðvamæling þeirra er þó heldur undir meðallagi en alltaf má finna gullmola í afkvæmahóp hans.

Sigurfari hefur nú öðlast talsverða reynslu sem ærfaðir. Dætur hans eru mjög frjósamar ær og góðar afurðær. Afkomendur Sigurfara eru um þessar mundir mjög mótandi í ræktun kollötta fjárins á Smáhömrum.

**Litaerfðir:** Sigurfari er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir tvílit og mórauðum lit - gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**

2009-58-110-30/4,0/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

# Dalur

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



MFF:Ormur 02-933, MFMF: Glæsir 98-876, MMFF: Dalur 97-838.

Dalur 09-861		2012	2013
LAMBHRÚTASKÖBUN	Fjöldi	179	34
	Pungi	50,6	49,9
	Fótleggur	112	111
	Læri	17,3	17,3
	Ull	8,4	8,2
	Ómvöðvi	29,3	28,8
	Ómfita	3,2	2,9
Lögun	3,9	3,6	



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur þó aðeins votti fyrir smáhnýflum. Breiður og þróttlegur haus. Breiðar, kúptar og ákaflega vel holdfylltar herðar. Geysimiklar útlögur. Bakið breitt og sterkt með þykkan vöðva. Mikil vöðvafylling á mólum og frábær lærahold. Sterkir fætur. Dalur er metfé að allri gerð, mjög bollangur og glæsilegur hrútur.



09-861

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Nokkuð ullarmikill. Þelið þykkt. Togið fremur stutt, meðalfínt og gljáandi.

**Reynsla:** Dalur 09-861 er nú að hefja sinn þriðja vetur í notkun á sæðingastöð. Hann var mikið notaður fyrsta árið en heldur minna síðasta vetur. Dalur gefur mjög þroskamikil lömb en breytileg að gerð, með góðan bakvöðva og mörg hver afbragðsvel gerð. Í haust mátti víða sjá veturgamla syni Dals gefa góð sláturlömb.

Aukin reynsla er einnig að fást á hann sem ærföður. Kynbótamat hans fyrir frjósemi hækkaði verulega þegar við bættust upplýsingar um dætur voru 2013 og hvað snertir mjólurlagni segir kynbótamatíð að dætur hans verið góðar afurðær. Dalur er því góður kynbótahrútur fyrir kollötta féð en kostir hans nýttast þó best þar sem vænleiki lamba er mikill.

**Litaerfðir:** Dalur er arfhreinn hvítur.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**Mál og stigun:**

2009-51-111-30/3,2/4,5(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-8,5-8,0-8,5=85,0 stig




# Baugur

frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

Ætt:



MMF: Lundi 03-945, MFFF: Ormur 02-933.



Baugur 10-889		2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	39
	Pungi	49,6
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	Ull	8,4
	Ómvoðvi	29,9
	Ómfita	3,0
	Lögun	4,0

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipmikinn og fríðan haus. Stuttur háls, breiðar en aðeins hrjúfar herðar. Útlögur í meðallagi. Sterkt bak. Malir breiðar og fremur vel vöðvaðar. Lærahold frábær. Fætur réttir. Bollangur og sterklegur hrútur.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt þel. Togið í meðallagi langt og fremur fínt en aðeins stutt í baki.


**Reynsla:** Baugur 10-889 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en

þangað var hann valinn á grunni góðrar reynslu á heimabúi þar sem hann fékk meðal annars verðlaun sem besti lambafaðir í Rangárvallasýslu árið 2011. Hann fékk frekar takmarkaða notkun síðasta vetur en þau afkvæmi sem til skoðunar komu undan honum í haust staðfestu rækilega fyrri reynslu og lyfta honum á stall sem einni af „stórstjörnum“ haustsins 2013. Baugur á stigahæsta afkvæmahópinn af öllum sæðingastöðvahrútunum og sýnir mikla yfirburði í þykkt bakvöðva. Baugur stendur því vel undir því að vera einn af athyglisverðustu sonum Boga 04-814, sem fram hafa komið, líkt og getið var um í hrútaskrá síðasta árs. Hann er efni í að verða einn af athyglisverðustu kynbótahrútum, sem fram hafa komið í kollotta fénu í seinni tíð.

Baugur er enn nær óreyndur sem ærfaðir. Kynbótamat hans fyrir frjöseminni er aðeins undir meðaltali en hann fær kynbótamat yfir meðaltali hvað mjólkurlagni snertir. Tveggja vetra dætur hans heima á Efstu-Grund áttu allar tvö lömb voruð 2013 og veturgömlu ærnar áttu eitt lamb að jafnaði. Viðtækari reynsla af dætrum um allt land verður svo að varpa frekara ljósi á hvar hann stendur m.t.t. dætraeiginleika.

**Litaerfdir:** Baugur er arfhreinn hvítur- gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




**Mál og stigun:**

2010-45-104-29/2,8/3,5(H)-8,0-8,0-7,5-8,5-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=82,0 stig

# Kroppur

frá Bæ, Árneshreppi.

Ætt:



Kroppur 10-890		2013
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	223
	Pungi	47,6
	Fótleggur	110
	Læri	17,5
	Ull	8,2
	Ómvoðvi	29,0
	Ómfita	3,3
	Lögun	4,0

**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þróttlegan og fríðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar, bolur sívalur og útlögur góðar. Bakhold feikilega mikil. Mala- og lærahold með því besta sem gerist. Holdaköggull í átaki, gæfur og fallegur hrútur á velli sem stendur mjög vel undir nafni.

**Ullarlýsing:** Svartar doppur í baki. Gult í ull aftantil. Ullarmagn í


tæpu meðallagi. Pelið fremur lítið. Togið nokkuð mikið og hrokkið en fremur gróft.

**Reynsla:** Kroppur 10-890 er nú að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað kom hann haustið 2012 að lokinni afkvæmarannsókn kollóttra hrúta í Strandasýslu. Kroppur fékk mikla notkun síðasta vetur og stór hópur afkvæma hans kom til skoðunar nú í haust. Í hópnum voru mjög kostamikil lömb með þykka og mikla vöðva. Afkvæmahópur Kropps er sá jafnbesti af afkvæmahópum hrútanna sem komu nýr á stöð síðasta vetur og er Kroppur því í hópi „stórstjarna“ haustsins.

Enn er mjög takmörkuð reynsla fengin af Kropp sem ærföður en kynbótamat hans fyrir bæði frjöseminni og mjólkurlagni gefur góð fyrirheit. Viðtækari reynsla á komandi árum mun svo varpa betra ljósi á hvort það mat reynist rétt.

**Litaerfdir:** Kroppur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




**Mál og stigun:**

2010-48-111-29/4,4/4,0(S)-8,0-8,0-8,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=83,5 stig


# Roði

frá Melum 1, Árneshreppi.

(keyptur frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði)



FMF: Frakksson 03-974, FFMF: Partur 99-914, MFF: Ljómi 92-971, MMF: Glæsir 98-876.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus, breiðan og vöðvafylltan háls og herðar. Miklar útlögur. Bakið mjög breitt og átökugott. Malir mjög vel vöðvafylltar. Lærsvöðvi kúptur og fyllir vel upp í kloffid. Fætur réttir og sterk-

legir. Tignarlegur hrútur á velli, bollangur og breiðvaxinn.

**Ullarlýsing:** Sterkgulur á haus, fótum og á dindli en ekki fannst mikið af gulum hárum í reyfi. Feikilega ullarmikill. Þelið þykkt. Togið jafnt og fremur fint, aðeins gróft í síðum.

**Reynsla:** Roði 10-897 kom á stöð haustið 2013 að lokinni afkvæmarannsókn sem unnin var í Strandasýslu fyrir sæðingastöðvarnar. Rannsóknin fór fram á bæjunum Miðdalsgröf og Tröllatungu. Afkvæmi Roða láta lítið yfir sér á velli en eru harðholda



10-897

og skemmtileg í átaki. Að auki hafa þau þykkar og vel lagaðar bakvöðva. Í afkvæmarannsókn á Heydalsá haustið 2012 voru niðurstöðurnar svipaðar og 2013. Fallþungi afkvæma hans 19,7 kg, gerðin 11,5 og fítu 7,6. Búsmeðaltalið sama ár var 18,6 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,0 og fítu 7,5. Faðir Roða, Drangur 09-606, er einn aðalkynbótahrúturinn í Árneshreppi síðustu ár og á því marga syni vítt um land sem hafa skilað góðum lömbum. Sonur Roða, Robbi 11-900, var einnig tekinn á sæðingastöð nú í haust.

Móðir Roða, Raket 05-800, var góð afurðað, ætíð tvílembd eftir gemlingsárið og með 6,7 afurðastig. Öll afkvæmi hennar eftir gemlingsárið voru sett á. Kynbótamat Roða fyrir dætraeiginleika er gott og jákvæð reynsla af dætrum hans á Heydalsá. Þær eru frjósamir og góðar afurðaðar.

**Litaerfðir:** Undan Roða hafa komið tvö dökk lömb og verður hann því að teljast arfblendinn en ekki er hægt að segja meira til um litaerfðir hjá honum. Reynsla á stöð verður því að upplýsa um þær.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.


**Mál og stigun:**

2010-48-111-29/2,3/5,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=87,0 stig


# Rosi

frá Gautsdal, Reykhólahreppi.

(keyptur frá Tómasi Sigurgeirssyni, Reykhólum)



FMFF: Kveikur 05-965, MFFF: Dalur 97-838.



**Lýsing:** Hvítur, kollóttur með svipsterkan, þróttlegan haus. Herðar vel holdfylltar, bringan breið og útlögur miklar. Bakið breitt, sterkt og vöðvafyllt. Malir breiðar, nokkuð vel vöðvaðar. Lærsvöðvi kúptur, þykkur og fyllir vel í klof. Fætur

réttir. Bollangur hrútur og kvikur á velli.

**Ullarlýsing:** Hreinhvítur, ullarmikill, reyfið jafnt. Þelið þykkt. Togið fremur stutt og í meðallagi fint, styttra í baki.

**Reynsla:** Rosi 11-899 kom á stöð haustið 2013 að lokinni afkvæmarannsókn sem gerð var í Strandasýslu fyrir



11-899

sæðingastöðvarnar. Sú rannsókn fór fram á bæjunum Miðdalsgröf og Tröllatungu. Í afkvæmarannsókninni komu fram mörg mjög glæsileg afkvæmi Rosa. Þau voru með þykkar bakvöðva og litla fítu en skorti stundum aðeins á holdfyllingu í lærum. Í Tröllatungu var meðalfallþungi sláturlamba undan honum 18,3 kg, gerðin 9,0 og fítu 7,2. Meðaltal rannsóknarinnar var 18,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,2 og fítu 7,4. Í Miðdalsgröf voru sláturniðurstöður áþekkar. Rosi býr því yfir góðum kjötgæðaeiginleikum auk þess að vera mjög fjarskyldur þeim ættarlínum sem hafa verið ráðandi í kollótta fénu undanfarin ár.

Móðir Rosa, Snilld 05-122, var fágæt afurðað, ætíð tvílembd eftir gemlingsárið með 9,7 afurðastig. Kynbótamat Rosa segir að hann muni gefa dætur sem verði góðar afurðaðar og um meðallag í frjósemi.

**Litaerfðir:** Rosi er arfhrein hvítur – gefur hreinhvít.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Mál og stigun:**


2011-57-112-34/4,9/4,5(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-9,0-8,0-9,0=86,5 stig



## FORYSTUHRÚTUR

## Flórgoði

frá Hafrafellstungu, Öxarfirði  
(Keyptur frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði)



**Lýsing:** Flórgoði er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann er allsérstæður á litinn eða mógolsóttur, með blesu og sokka. Hann sýndi strax sem lamb mikla forystuhæfileika samhliða því að vera mjög rólegur í umgengni. Hann er eins og góðum forystuhrúti sæmir með vökult auga, háttvís og greindarlegur í öllu fasi og tilburðum. Líkt og sést á ættarskrá hans er hann örlítið skyldur Karli Philip sem

var á stöð fyrir ekki alls löngu en Móri 04-255 frá Klifshaga móðurfaðir hans var faðir Karls Philips.

**Litaerfðir:** Undan Flórgoða geta allir litir komið fram eins og litur hans gefur ótvíræða vísbendingu um.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Arfblendinn verndandi.

**BÆNDUR**  
hjá okkur fáid þið  
allt það helsta  
sem ykkur vantar  
til búreksturs:

- \* Áburður
- \* Sáðvörur
- \* Rúlluplast
- \* Fóðurvörur
- \* Girðingarefni  
o.m.fl.




**BÚAÐFÖNG**

bu@bu.is

Bu.is ehf. • Stórolfsvöllur • 861 Hvolsvöllur

Sími 487 8888 • Fax 487 8889





STEFNAN RÆÐUR  
ÁFANGASTAÐNUM

## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

Einkabankaþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í síma **444 7410** eða sendu póst á [einkabankathjonusta@arionbanki.is](mailto:einkabankathjonusta@arionbanki.is) og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA



## Ráðgjöf - Markmið - Lausnir fyrir sauðfjárþænder



- \* Sauðfjárdómar - líflambaval
- \* Fræðslufundir og námskeið
- \* Kynbótaráðgjöf
- \* Fóðurráðgjöf
- \* Jarðræktarráðgjöf
- \* Rekstrarráðgjöf
- \* Vinnuhagræðing og nútækni
- \* ... og margt fleira

Hafðu samband - við tökum vel á móti þér!



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins - sími 516 5000 - [www.rml.is](http://www.rml.is)



# Heiniger

## TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM  
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

**GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON**  
**TÚNGÖTU 16 • HVANNEYRI • 311 BORGARNES**  
**SÍMAR 347 0099 OG 860 7305**



# Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

## Sauðfjárþændur

**Framleiðum Kraftblöndu fyrir sauðfé.  
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.**

**Magnesiumblokk, steinefnablöndur og saltsteinar í úrvali.**

**Bústólpi ehf. • Sími 460 3350 • [www.bustolpi.is](http://www.bustolpi.is)**



-alltaf góður

Eðalhráefni frá íslenskri náttúru

 LÖGMENN SUÐURLANDI

# Fyrir þína hagsmuni



ALMENN RÁDGJÖF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Við höfum í rúm 20 ár veitt margvíslega lögfræðipjónustu og verið miðstöð fasteignaviðskipta á Suðurlandi. Reynsla okkar skilar sér í skjótri þjónustu sem sparar þér bæði tíma og peninga. Hvort sem þú stendur í fasteignaviðskiptum eða þarft lögfræðipjónustu þá áttu erindi til okkar.

Lögfræðipjónusta

- Einstaklingar
- Sveitarfélög
- Fyrirtæki
- Lógaðilar

Slysa- og skaðabætur

- Umferðarslys
- Skaði af öðru tagi
- Vinnuslys

Fasteignaviðskipti

- Kaupendur
- Einstaklingar
- Seljendur
- Fyrirtæki

Við erum umboðsmenn þínir.

Sendu okkur tölvupóst á netfangið [selfoss@log.is](mailto:selfoss@log.is), bringdu í síma 480 2900 eða komdu við á skrifstofu okkar milli kl. 9:00–17:00.





# Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn

## Almenn ræktunarmarkmið

Í framtíðarskipulagi á ræktun íslenska sauðfjárstofnsins skal lögð áhersla á að varðveita sérkenni hans ásamt því að framrækta þá eiginleika sem mestu máli skipta fyrir sjálfbæra og hagkvæma sauðfjárframleiðslu hverju sinni. Stöðugt þarf að bæta alla helstu framleiðslueiginleika, þ.e. frjósemi, afurðasemi, kjöt- og ullargæði. Mikilvægt er að rækta jafnt hyrnt sem kollótt fé, viðhalda skal öllum lítaafbrigðum og sérkennum öðrum svo sem forystuhæfileikum, frjósemiserfðavísu og ferhyrndu fé. Sérstaka áherslu skal leggja á heilbrigði stofnsins og endingu gripa. Gæta skal að nauðsynlegum erfðabreytileika í stofninum og halda aftur af óæskilegri aukningu í skyldleikarækt. Jafnframt þarf að hvetja til samfélagslegrar ábyrgðar þegar kemur að ræktun og verndun þessara stofna.

## Sérstök ræktunarmarkmið fyrir einstaka eiginleika

### Frjósemi

Leggja skal áherslu á að auka eðlislæga frjósemi sauðfjárstofnsins þannig að fullorðnar ær eigi ekki færri en tvö lömb að jafnaði og að veturgamlar ær festi fang og eignist að jafnaði ekki færri en eitt lamb.

Einnig skal stefnt að því að minnka vanhöld lamba sem kostur er og stefna að því að 95% þeirra lamba sem fæðast að vori komi til nýttja að hausti.



### Mjólkurlagni

Leggja skal áherslu á að auka mjólkurlagni ánnu þannig að ærin mjólki að lágmarki tveimur bráðþroska lömbum.

### Vaxtargeta

Hámarka skal vaxtarhraða svo æskilegum fallþunga sé náð á sem skemmstum tíma. Leggja skal áherslu á bráðþroska í sum-  
arhögunum.



### Kjötgæði

Stefnt skal að því að rækta þéttþolda og bollangt fé, þ.e. langt m.v. legglengd, með þykka vöðva samfara hóflegri fitu og léttum beinum. Stefnt skal að því að nær allir innlagðir dilkar fari í holdfyllingarflokk R eða betri, þar af 40% í holdfyllingarflokka E og U. Hvað fituflokkunina snertir skal stefnt að því að 90% innlagðra dilka fari í fituflokka 2 og 3. Jafnframt þarf að huga að því að hin rómuðu bragðgæði íslenska dilkakjötsins haldi sér.

### Ullargæði

Leggja skal áherslu á ræktun hvítrar og hreinhvítrar ullar þar sem leitast verður við að lágmarka gular illhætur og að útrýma þeim hvítu. Leggja skal áherslu á ullarmagn og forðast skal toggrófa ull og svartar doppur í hvítri ull.

### Heilbrigði og ending

Leggja skal áherslu á að rækta endingargott og heilbrigt fé sem einnig er rólegt í umgengni. Útrýma ber áhættuarfgerðum gagnvart riðuveiki. Einnig skal hugað að eiginleikum sem stuðlað geta að aukinni endingu áanna og þar með auknum æviafurðum. Þar má nefna burðarhjálp, jógurhreysti, og fótstöðu/styrkleika fóta. Gætt skal að því að ræktun á afurðamiklu fé leiði ekki til aukinnar stærðar á fullorðnum gripum.

### Forystufé

Stefnt skal að framræktun og verndun forystufjár innan hins íslenska sauðfjárkyns. Tryggja þarf ætternisskráningu for-



ystufjár og stýra hrútanotkun þannig að skyldleikarækt aukist hægt.

### Leiðir til að ná settum markmiðum

Traust og nákvæmt skýrsluhald sauðfjárbænda verður áfram grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í sauðfjárrækt.

Stefnt skal að því að kynbótamat byggt á upplýsingum skýrsluhaldsins verði reiknað fyrir sem flesta eiginleika.

Sæðingastarfsemin verður áfram mikilvægasti þátturinn í dreifingu erfðaefnisins innan stofnsins og þar skal leitast við að hafa úrval þess hrútastofns sem sæðingastöðvarnar hafa aðgang að hverju sinni. Hrútastofninn skal endurspeglar mismunandi þarfir sauðfjárbænda til að ná settum ræktunarmarkmiðum. Gæta þarf að innbyrðis skyldleika hrúta og hámarksnotkun hvers sæðingarstöðvarhrúts skal vera 5.000 sæddar ær.

Markmið dóma á lifandi lömbum samkvæmt dómsskala er að lýsa eiginleikum sem varða kjötgæði, ullargæði og heilbrigði. Hagnýting dóma fer fram í ásetningsvali og afkvæmarannsóknunum.

### Frjósemi

Stefnt skal að því að bjóða uppá arfhreina hrúta með frjósemis-erfðavísa á sæðingastöð sem valkost til að auka frjósemi.

### Mjólkurlagni

Huga þarf að endurbótum á útreikningi afurðastigs.

### Ull

Endurstetta þarf litalykla í skýrsluhaldi til samræmis við erfðir sauðalita.

### Vaxtargeta

Leggja skal áherslu á bráðþroska á sumarhögum. Skilgreina þarf betur vöxt lamba af beit í úthaga eða haustbeit á ræktuðu landi. Stefnt skal að því að reikna vaxtarhraða lamba í grömmum á dag.

### Kynbótaeinkunn

Setja skal saman til viðmiðunar kynbótaeinkunn sem endurspeglar ræktunaráherslur á hverjum tíma fyrir sig. Í þessari einkunn skulu hverju sinni vera þeir eiginleikar sem kynbótamat er reiknað fyrir. Í dag væru þeir því, gerð, fita, frjósemi og mjólkurlagni en til lengri tíma skal horft til eiginleika sem taka mið af vaxtargetu og eiginleikum sem stuðla að bættu heilbrigði og endingu.

Stefnt skal að því að í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar sé verkfæri þar sem hægt verði að meta einstaka gripi út frá ræktunaráherslum hvers bús.

Jafnframt skal stefnt að því að reikna hagrænt vægi eiginleika sem unnið er með í ræktunarstarfi.

*Samþykkt af fagráði í sauðfjárrækt 16. apríl 2012.*

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjástofninn

Umbrot og myndir:  
Bændasamtök Íslands/Útgáfu- og kynningar svið.





## Sauðfjársæðingar og beiðsli

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahettunnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma. Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktar búunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

## Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum er mælt með eftirfarandi aðferð:

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Fordíst að neindir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu. Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

## Samstillingar

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

## Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2 til 3 daga í röð.

## Vinnulagsreglur

**Sæðingar:** Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

**Dæmi:** Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

**Samstilling:** Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

**Dæmi:** Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

**Samstillt og sætt á öðru gangmáli:** Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

**Dæmi:** Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8. Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.

## Meðhöndlun sæðis

### Ferskt sæði

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsunum. Kæla þarf sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Fordást skal allar hitasveiflur en þær geta drepíð sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.



### Fryst sæði

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútninn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

## Tvær gerðir sæðisstráa, hvor með sína þíðingaraðferð

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hefur fryst hrútasæði í tveimur gerðum stráa. Annars vegar í svokölluðum „mini“-stráum, 0,25 ml, (grönn strá) og hins vegar í „medium“-stráum, 0,5 ml (sver strá). Frá árinu 2009 eru notuð „medium“-strá. Stráin eru þídd á sitt hvorn mátann eins og sjá má hér fyrir neðan:

	Gerð	Framl.ár	Rúmmál	Hitastig við þíð.	Þíðingar-tími
	Mediumstrá	2009-2010	0,5 ml	50°C	14 sek.
	Ministrá	→ 2008, 2011 →	0,25 ml	35°C	15 sek.

Athugið! Uppþídd strá skal nota strax.

### Þíðing á sæðisstráum

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi, sjá hér að ofan.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja upppíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að margir GSM símar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þýðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Þídd strá skal nota samstundis.
- Hitíð sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
- Passið að sæðingatækið sé þurrt.
- Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

## Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. **Skráning sæðingadagbóka**  
Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.
2. **Skráning í fjarvis.is**
  - a. Skráið ykkur inn á [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is).
  - b. Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.
  - c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

**Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!  
Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!**



# Stórvirkir frjósemiserfðavísar og nýting þeirra

Nú eru liðnir þrjú áratugir síðan stórvirkur erfðavísir var staðfestur í íslenska sauðfjárstofninum. Þessi erfðavísir er hið svonefnda Þokugen. Þá nýverið höfðu ástralskir vísindamenn fundið slíkan erfðavísi í Booroola-ræktunarlínunni í Merinófé þar í landi. Til þess tíma hafði hugmyndin um slíkar erfðir fyrir eiginleika eins og frjósemi sauðfjár verið óþekkt.

Ég þekkti úr skýrslum fjárræktarfélaganna á þeim tíma að á nokkrum bæjum í Suðursveit var óvanalega mikið um þrílembdar og jafnvel fjórlembdar ær. Ég gerði mér því ferð á hendur austur þangað og heimsótti bændur á þeim bæjum þar sem þetta fé var að finna. Í ljós kom að allir áttu þeir gott bókhald um sitt fé frá fyrri árum og var þannig fremur auðvelt verk að safna saman yfirliti yfir frjósemi einstakra áa um æviskeiðið og einnig að þræða ættartengsl þeirra. Strax var ljóst að ættir þessara fleirlembna mátti rekja til ærinnar Þoku á Smyrlabjörgum sem fædd var árið 1950.

Í framhaldinu voru gögnin skráð og skoðuð út frá þeirri hugmynd að einn erfðavísir með mikil áhrif væri ástæða þess að ærnar urðu marglembdar. Fljótsagt er að gögnin smellpössuðu við þá hugmynd. Metið var að þetta gen mundi að jafnaði skila 0,64 fleiri fæddum lömbum hjá ám sem hefðu það heldur en lambafjöldi er hjá ám án gensins. Þau áhrif hafa margar síðari rannsóknir staðfest.

Niðurstöðurnar voru kynntar bændum hér á landi. Forsvarsmenn sæðingastöðvanna ákváðu að gefa bændum kost á að nýta genið með því að taka hrúta sem báru það til notkunar á stöðvunum. Haustið 1984 komu á stöðvarnar Sveppur 78-821, Skúmur 81-844 og Þristur 83-836 (stöðvarnar voru þá þrjár) og hrútar sem bera genið hafa síðan nær samfelld verið á stöðvunum og eru þeir allir afkomendur einhvers þessara þriggja hrúta.

Notkun á þessum hrútum var nokkur í byrjun en hefur síðan aldrei verið veruleg að umfangi. Engar nýlegar kannanir eru til um dreifingu Þokugensins, en gripir sem hafa borið það munu samt hafa verið til í flestum sveitum landsins. Hvergi hefur farið fram skipuleg ræktun á þessu fé. Það olli mörgum sem reyndu þetta fé vonbrigðum að vegna þess að hrútarnir eru yfirleitt arfblendnir, þá fær að jafnaði aðeins helmingur afkvæmanna genið en hinn helmingurinn, sem ber það ekki, veldur eigendum sínum vonbrigðum að þessu leyti. Fyrir hrúta sem þannig voru settir á tók staðfesting tvær kynslóðir og reyndi því einnig á þolinmæðina. Ég fékk fljótt grunsemdir um að arfhreinar ær væru mögulega ófrjóar eins og þá hafði komið fram með sum viðlíka gen í erlendum kynjum. Þetta hefur síðar verið staðfest.

Sæði úr fyrstu stöðvahrútunum var fengið til Bretlands og einnig fengu þeir, sem fyrir því stóðu, nokkur hrútlömb keypt og komu upp stofni af fé með Þokugenið þar ytra. Þegar erfðatekni tók stór skref í lok síðustu aldar beindist athyglin m.a. að því að greina gen með slíkt erfðamunstur. Fljótlega upp úr aldamótunum var Þokugenið þannig greint af breskum vísindamönnum og komið upp DNA-prófi sem strax getur skorið úr um hvort ungur einstaklingur hefur genið. Þessi tæknipróun opnar alveg nýja möguleika í nýtingu á þessum eiginleika. Eins og áður var nefnt eru arfhreinar ær (þar sem bæði genin í erfðavísaasætinu eru Þokugen) ófrjóar. Hrútar, sem eru arfhreindir, eru hins vegar frjóir og afkvæmi þeirra með ám sem ekki hafa genið koma öll til með að fá það frá föður sínum og sýna eiginleikann.

Með því að hafa í framtíðinni eingöngu arfhreina hrúta á stöðvunum, getur hver og einn bóndi þess vegna nákvæmlega stjórnað því hve margar ofurfrjósamur ær hann óskar að hafa í sinni hjörð. Þannig á að vera mögulegt að tryggja eins hagkvæma nýtingu á þessum eiginleika og kostur er. Með sæði úr arfhreinu stöðvahrútunum væru því aldrei sæddar ær sem hefðu genið sjálfar. Alla notkun á arfblendnum hrútum yrði sjálfsagt að leggja af. Vitað væri út frá faðerni hvaða ær í hjörðinni hefðu eiginleikann hverju sinni og með aðstoð fósturvísatölninga væri færsla aukalamba til áa sem eiga aðeins eitt lamb skipulögð. Á þann hátt á að vera mögulegt að færast nær því markmiði flestra bænda að geta sleppt öllum ám á fjall með tvö lömb.

Hinn almenni bóndi mundi ekki á neinn hátt koma að ræktun eiginleikans, aðeins nýta hann með sæðingum eins og áður sagði. Ræktun og framleiðsla arfhreinu hrútanna færi fram í örfáum litlum ræktunarkjörnum. Í hverjum kjarna væru nokkrar úrvalsær sem bæru genið og væri öll áhersla við ræktun þeirra lögð á aðra mikilvæga eiginleika eins og mjólkurlagni, kjöt- og ullargæði. Þannig ætti að vera mögulegt að tryggja gæði þessara hrúta í öðrum eiginleikum en frjósemi. Arfgerðargreining yrði þess vegna óþörf fyrir aðra einstaklinga en þá sem væru í þessum litlu ræktunarkjörnum. Einnig væri í framtíðinni mögulegt að efla kjarnana með því að taka þar inn einstakar úrvalsær sem fram kæmu á hinum ýmsu búum. Skipulega mun verða unnið að því að framleiða þannig arfhreina hrúta sem vonandi verða komnir í notkun á stöðvunum innan örfára ára.

*Jón Viðar Jónmundsson.*

# Borðleggjandi yfir hátíðina

*Fjallabiti*  
-hálfburkad nast

*Forréttir*  
-reyktir og gresnir

*Kolsfjalla-  
hangikjöt*

Besta einkunn  
þjóðsýna  
★★★★★  
Hesta einkunn í smíðkun DV  
2006-2007  
Hesta einkunn í smíðkun DV  
2009

Hreint lostæti  
úr íslenski náttúru...

Þessar vörur fást í Fjarðarkaup, Melabúðinni, Þinni verstun Seljabraut, Kosti Njarðvík og Samkaup  
Fjallalamb hf. • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is

FJALLALAMB  
KÓPASKERI  
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTURUAFURÐ

## Sæðispantanir



Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í netfangið [sveinn@bssl.is](mailto:sveinn@bssl.is) daginn fyrir sæðingu  
eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.



Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Í netfangið [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is)  
eða í síma 437 1215 fyrir kl. 14 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Pantið tímanlega!



---

# Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2013

---

Fyrir rúmum áratug var byrjað að velja hrúta inná sæðingastöðvarnar á grunni afkvæmarannsókna þar sem úrvalshrútum á ákveðnum svæðum var safnað saman og þeir notaðir innan sömu hjarðar. Óhætt er að segja að þeir hrútar sem komið hafa inná stöðvarnar á grunni þessara afkvæmarannsókna hafa oft reynst betur en þeir sem teknir eru beint af búum, enda öryggi upplýsinga meira þegar ákvörðun um val þeirra er tekin. Í ár voru slíkar rannsóknir haldnar á fjórum stöðum á landinu og verður hér gefið stutt yfirlit um niðurstöður þeirra þetta haustið.

## Hyrndir hrútar

Í mörg ár hafa skipulagðar rannsóknir verið á veturgömlu hrútunum á fjárræktarbúinu á Hesti. Þrettán veturgamlir hrútar voru í samanburði í ár auk eins aðkomuhrúts, Gaur 10-363 frá Giljahlíð. Að rannsókn lokinni voru fjórir hrútar falaðir til notkunar á sæðingastöð, þeir Bekri 12-684 (12-911), Bursti 12-669 (12-912), Skratti 12-683 (12-913) og Vetur 12-679 (12-914).

Í Ytri-Skógum voru eins og áður veturgömlu hrútarnir í afkvæmarannsókn. Þar voru nokkrir hrútar að koma vel út og var Saumur 12-453 (12-915) falaður til notkunar á sæðingastöð að rannsókn lokinni. Auk hans átti Skrúður 12-449 athyglisverðan hóp en sláturniðurstöður voru afkvæmahóp hans heldur í óhag.

Í Dalahólfi nyrðra var haldin rannsókn í annað sinn en síðast var rannsókn þar haustið 2010. Hún var framkvæmd á bæjunum Geirmundarstöðum og Klifmýri á Skarðsströnd. Aðkomuhrútar í rannsóknina komu frá bæjunum Rauðbarðaholti í Hvammssveit og Hallsstöðum á Fellsströnd. Að rannsókn lokinni var einn hrútur frá Geirmundarstöðum falaður til notkunar á sæðingastöð, Hængur 10-533 (10-903) og áfram verður fylgst með Eini 11-539.

## Kollóttir hrútar

Líkt og undanfarin ár var aðeins ein rannsókn með kollótta hrúta og hún var að þessu sinni haldin á bæjunum Miðdalsgröf og Tröllatungu. Auk heimahrúta í rannsókninni voru fegnir þrír aðkomuhrútar, þeir Roði 10-136 fæddur á Melum 1 en til heimils hjá Ragnari og Sigríði á Heydalsá. Þór 11-065 frá Stað í Reykhólasveit og Rosi 11-158 fæddur í Gautsdal í Reykhólasveit en í eigu Tómasar Sigurgeirssonar á Reykhólum. Að rannsókn lokinni voru þrír hrútar falaðir til notkunar á sæðingastöð, þeir Roði 10-136 (10-897) og Rosi 11-158 (11-899) auk Robba 11-324 (11-900) en hann var heimahrútur í Miðdalsgröf, fæddur hjá Ragnari og Sigríði á Heydalsá.

Allar tölulegar niðurstöður úr þessum rannsóknum má finna á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. ([www.rml.is](http://www.rml.is)) undir Búfjárrækt > Skýrsluhald > Sauðfjárrækt > Niðurstöður skýrsluhalds. Þar má einnig finna niðurstöður rannsókna fyrri ára.

*Eyjólfur Ingvi Bjarnason*

# Sauðfjármerki

Íslensk framleiðsla

Prentað er á merkin hjá Plastiðjuni Bjargi-Iðjulundi, Akureyri

## Merki í ásetningsfé



**Combi 2000 Mini**  
Ásetningsmerkin hafa reynst frábærliga undanfarin ár.



**CombiE 23** örmerki til notkunar í ásetningsfé. Merkin eru viðurkennd af MAST.

Vinsamlega pantið merki í ásetningsfé á [www.bufe.is](http://www.bufe.is) (MARK), hjá Plastiðjuni Bjargi-Iðjulundi, Bændasamtökum Íslands eða Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

## Lambamerki



### Micro merki

Lambamerki úr mjúku plasti.

Lágmarkspöntun 10 merki.

Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar og 5% aukaafsláttur ef pöntuð eru 1.000 merki eða fleiri. Hægt er að panta merkin prentuð í númeraröð eða eftir þeim óskum sem menn vilja þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð.



### Combi Nano lambamerki.

Örmerkjahluti merkis er endurnýtanlegur.

**Seljum tangir, nálar í þær og merkipenna.**

Vinsamlega sendið pantanir á lambamerkjum til:  
**[pbi@akureyri.is](mailto:pbi@akureyri.is) eða í fax: 461 2995.**



**Furuvöllum 1 - 600 Akureyri**  
Sími 461 4606 - [pbi@akureyri.is](mailto:pbi@akureyri.is) - <http://plastidjan.hlutverk.is>





## Í 100 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar í matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu.

SS er félag í eigu bænda og þakkar öllum framleiðendum fyrir göfugt ræktunarstarf á liðnum árum.

